FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
276. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 23. NÓVEMBER 2017




**Það er enginn skortur á snjó á Akureyri og hann er ekki jafn vel þeginn alls staðar, sérstaklega ekki á götum og gangstéttum bæjarins. Ekki er von á því að hiti fari upp fyrir frostmark við Eyjafjörð á næstu dögum og er frekari snjókomu spáð næstu daga. Þá benda veðurspár til þess að frostið fari í tveggja stafa tölu, mest í fimmtán gráður, um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Aukaskip undir flóð af bílaleigubílum

**Árið 2017 stefnir í að verða metár í forskráningum ökutækja hér á landi. Bílaleigur reyna hvað þær geta til að kaupa inn bifreiðar á afslætti áður en afsláttur þeirra leggst af um áramót. Ríkissjóður gæti fengið um tvo milljarða í auknar tekjur á næsta ári vegna þessa.**

**VIÐSKIPTI** Forskráningum ökutækja hjá Samgöngustofu hefur fjölgað hratt síðustu árin og stefnir í met forskráninga á þessu ári.

Stefnir í að allt að 34 þúsund ökutæki verði skráð hjá Samgöngustofu áður en árið er á enda.

Afsláttur sem bílaleigur hafa fengið á vörugjöldum, allt að hálfri milljón á hverja bifreið, verður afnuminn um áramótin. Þetta þýðir mikla hækkun fyrir bílaleigurnar. Því hafa bílaleigur nýtt sér haustið til að kaupa inn bíla á afsláttarkjörum þessa árs.

„Við höfum verið að kaupa inn bíla í haust til að deyfa þetta högg,“ segir Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds á Akureyri. „Þessar breytingar munu kosta okkar fyrirtæki um þrjú hundruð milljónir á ári og rúma tvo milljarða árlega fyrir greinina í heild.“

Svo mikill er innflutningurinn að Samskip hafa þurft að fara aukaferðir milli Íslands og meginlandsins.

„Þegar við þurfum að taka aukaskip er það til að hreinsa upp það sem ekki hefur komið í skip okkar,“ segir Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa.

Steingrímur segir skjóta skökku við að þegar afsláttur þeirra sé afnuminn fái leigubílstjórar rúmlega milljón króna afslátt af vörugjöldum á sínum bílum. Einnig séu bílaleigur í hæsta virðisaukaskattsþrepi, einar ferðaþjónustuaðila. **– sa**

**/ sjá síðu 6**

**34**

**þúsund ný ökutæki verði væntanlega skráð hjá Samgöngustofu áður en árið 2017 er úti.**

## Áfram deilt við skiptastjórann

**DÓMSMÁL** Ritdeila Sveins Andra Sveinssonar, skiptastjóra félagsins EK1923, og Skúla Gunnars Sigfússonar í Subway, heldur áfram.

„Sveinn Andri getur ekki með réttmætum hætti kvartað undan því að þeir, sem hann hefur ráðist á í krafti stöðu sinnar sem opinber sýslunarmaður, kjósi að spyrja til þess bær yfirvöld um réttmæti þessara starfshátta hans,“ segir í grein Skúla Gunnars í dag.

Í síðustu viku skrifaði Sveinn Andri að allt væri gert til að leggja stein í götu hans sem skiptastjóra í stað þess að horfast í augu við staðreyndir. **– þea**



**/ sjá síðu 23**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um samstæð sakamál. 21

**SPORT** Heimurinn opnast fyrir fyrstu íslensku konunni sem verður FIFA-dómari. 30



**MENNING** Sinfóníuhljómsveit Norðurlands leikur með rússneskum dönsurum í Hofi. 39

**LÍFIÐ** Ky-Mani Marley byrjar tónleikaferðalag sitt á Íslandi í upphafi næsta árs. 56

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

ÚT Í BLÁINN
Töfrandi jólaveisla í Perlunni fyrir alla fjölskylduna



SMÁRALIND
JÓLAGJAFAHANDBÓK SMÁRALINDAR
LEYNIST GLAÐNINGUR Í ÞÍNU EINTAKI?




OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Norðanstormur í dag með snjókomu eða éljum, en úrkomulaust að kalla sunnan og vestan til. Frost yfirleitt 0 til 5 stig. SJÁ SÍÐU 34



**Skipið sem notað var við fyrri leit í Minden.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hlé á gullleitinni

**FJÁRSJÓÐSLEIT** „Við höfum spurt forsvarsmann hvort aðgerð sé lokið en ekki fengið svar enn þá,“ segir Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, um gullleit í skipinu Minden. Leitarskipið hörfaði í fyrradag undan veðri.

„Landhelgisgæslan hefur ekki haft afskipti af leiðangrinum að öðru leyti en því að taka við reglubundnum tilkynningum frá skipinu og ferilvakta það eftir föngum,“ segir Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi stofnunarinnar. – **gar**

# Svellkaldur inn í þriðja veturinn



**Útilegumaðurinn Tryggvi Hansen hefst enn við í skógarrjóðri í Reykjavík og er búinn undir vistina þriðja veturinn í röð. „Mig vantar við og bretti og allt sem brennur, bjóst ekki við snjó fyrr en um jól eða í janúar,“ segir Tryggvi. „Ég pakka mig um nætur í ull og skinn.“** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sífellt teygist á viðræðum

**STJÓRNMÁL** Enn liggur ekki fyrir hvort eða hvenær Sjálfstæðisflokkur, Vinstri græn og Framsóknarflokkur mynda ríkisstjórn. Lítið fæst uppgefið um gang viðræðna annað en að þær gangi vel. Engu að síður dragast þær sífellt á langinn. Flokkarnir hófu óformlegar viðræður 10. nóvember síðastliðinn og eftir samþykki þingflokka hófust formlegar viðræður 14. nóvember.

Þegar Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, veitti Katrínu Jakobsdóttur umboð til stjórnarmyndunar til vinstri, sagði hann að veiting umboðs til formlegra viðræðna fæli í sér að þær yrðu háðar tímamörkum.



**Forseti Íslands fylgist með viðræðum flokkanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í yfirlýsingu forsetans frá 13. nóvember kom fram að hann vænti þess að fyrir lægi fyrir lok vikunnar hvort viðræður skiluðu tilætluðum árangri. Nú fer að líða að lokum annarrar viku án þess að til tíðinda dragi. Ekki liggur þó fyrir hvort komin sé pressa frá Bessastöðum í viðræðurnar.

Forsenda þess að unnt sé að boða til funda í flokksráðum flokkanna um helgina, til að bera málefnasamning undir atkvæði, er að samningar takist í dag. – **aá**




# Tímaspursmál hvenær konur ryfu þögnina

**Kynbundið ofbeldi þrífst innan stjórnmálanna líkt og annars staðar. Það var tímaspursmál hvenær konur í pólitík myndu rjúfa þögnina segir þingmaður.**



**Taka þarf á vinnustaðarmenningu Alþingis, segir Andrés.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAGSMÁL** Það var aðeins tímaspursmál hvenær stíflan myndi bresta og konur rjúfa þögnina um kynbundið ofbeldi innan stjórnmálanna sem og hluti af vinnustaðarmenningu Alþingis sem taka þarf föstum tökum.

Þetta segir Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna, sem ásamt hópi annarra karl á þingi sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem lýst er yfir vilja til að bregðast við áskorun 306 stjórnmálakvenna á þriðjudag undir yfirskriftinni „Í skugga valdsins“ um að karlar axli ábyrgð og stjórnmálaflokkarnir taki af festu á kynbundnu ofbeldi.

„Þessi hópur kom saman vikuna eftir kosningar þannig að við höfum verið að stefna að því að gera eitthvað síðan þá,“ segir Andrés Ingi en tilefnið var #MeToo vakningin sem á undanförnum vikum hefur afhjúpað kynbundið ofbeldi innan fjölda stétta.

„Það var kannski bara tímaspursmál hvenær eitthvað svona kæmi fram. Þetta er einhver hluti af vinnustaðarmenningunni á Alþingi sem þarf að takast á við og eitthvað sem við viljum skoða; hvernig við getum byggt upp betra andrúmsloft á þingi.“

Þegar hafi verið rætt við UN Women um þá hugmynd að skipuleggja s.k. „Barbershop“ fyrir þingmenn sem myndi að sögn Andrésar fela í sér starfsdag í þinginu þar sem allir þingmenn, karlar og konur, ræði þessi mál opinskátt.

„Þetta væri einn stór viðburður í upphafi kjörtímabils en svo þurfum við að hafa viðvarandi samtal í gangi um frekari aðgerðir.“

Aðspurður kveðst Andrés sjálfur ekki hafa orðið vitni að áreitni eða óviðeigandi framkomu kollega þann tíma sem hann hefur setið á þingi.

„Ég man ekki til þess en það er alltaf möguleiki að maður sé orðinn svo samdauna kerfinu að maður sjái það ekki. Það er eitt af því sem við þurfum að ræða og vinna á ef sú er raunin. Það eru allir mjög viljugir að stíga þetta skref.“

Nýir þingmenn fá fræðslu og kennslu áður en þeir setjast á þing þar sem þeir eru settir inn í siði og venjur, hvernig þeir eiga að bera sig að og haga sér í starfi. Andrés segir aðspurður að það geti verið af hinu góða að þingið taki upp sambærilega fræðslu um kynbundið ofbeldi.

**mikael@frettabladid.is**

## Þingkarlar sem bregðast við áskorun

- **Andrés Ingi Jónsson,** Vinstri grænum
- **Ágúst Ólafur Ágústsson,** Samfylkingu
- **Björn Leví Gunnarsson,** Pírötum
- **Guðlaugur Þór Þórðarson,** Sjálfstæðisflokki
- **Guðmundur Ingi Kristinsson,** Flokki fólksins
- **Gunnar Bragi Sveinsson,** Miðflokki
- **Helgi Hrafn Gunnarsson,** Pírötum
- **Jón Steindór Valdimarsson,** Viðreisn
- **Kolbeinn Óttarsson Proppé,** Vinstri grænum
- **Logi Einarsson,** Samfylkingu
- **Vilhjálmur Árnason,** Sjálfstæðisflokki
- **Willum Þór Þórsson,** Framsóknarflokki
- **Þorsteinn Víglundsson,** Viðreisn

HÚSASMIÐJAN blómaval

# STÓRA SERÍU HELGIN

## Allar seríur og jólaljós, okkar mesta úrval frá upphafi

Fimmtudag til sunnudags

# 20-40% afsláttur



*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Benda hvor á annan í Æsustaðamáli



Jón Trausti gaf skýrslu sem vitni við aðalmeðferð málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DÓMSMÁL** Framburður Sveins Gests Tryggvasonar og framburður Jóns Trausta Lútherssonar um atburði, sem urðu við Æsustaði í Mosfellsdal 7. júní í sumar og leiddu til dauða Arnars Jónssonar Aspar, stangast verulega á.

Aðalmeðferð málsins hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sveinn Gestur er einn ákærður en Jón Trausti, sem var um tíma grunaður um aðild, gaf skýrslu sem vitni enda var mál hans fellt niður.

Í skýrslu við upphaf aðalmeðferðar lýsti hinn ákærði, Sveinn Gestur, því að Arnar hafi ráðist að þeim fimmmenningum, sem sóttu hann heim, með kústskafti og Svein hafi þá hringt á lögreglu og óskað eftir aðstoð. Arnar hafi þá hlaupið á eftir þeim með járnrör en Jón Trausti hlaupið á móti honum með neyðarhamar að vopni og til átaka hafi komið þeirra á milli.

„Þegar ég kem að þeim þá liggur Arnar blóðugur undir Jóni,“ sagði Sveinn Gestur í skýrslu sinni.

Framburður Jóns Trausta, sem gaf skýrslu fyrir dómi sem vitni, er á öndverðum meiði við skýrslu Sveins. Hann segist ekki hafa veitt Arnari áverka, en hann hafi tekið hann dyravarðataki og Sveinn Gestur svo tekið við að halda Arnari. Engir áverkar hafi verið á Arnari þegar hann gekk frá. Aðalmeðferð málsins verður fram haldið í dag. – aá



Fyrstu skóflustungurnar að hjúkrunarheimili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hjúkrunarými fyrir 99 manns

**HEILBRIGÐISMÁL** Þeir Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, og Guðmundur Hallvarðsson, fyrrverandi formaður Sjómannadagsráðs, tóku í gær fyrstu skóflustunguna að 99 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg í Fossvogsdal. Stefnt er að því að heimilið verði tilbúið innan tveggja ára.

Skrifað var undir samninga og viljayfirlýsingu um hjúkrunarheimilið auk þjónustumiðstöðvar og leiguíbúða fyrir aldraða 11. maí í vor. – þea

## Parið úrskurðað í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Par á fertugs- og fimmtugsaldri sem var handtekið á þriðjudag vegna gruns um að standa að umfangsmikilli vændisstarfsemi var í gær úrskurðað í gæsluvarðhald til 6. desember.

„Við munum halda áfram yfirheyrslum á morgun, og þá sérstaklega yfir vitnum,“ sagði Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, við fréttastofu í gærkvöldi. Að minnsta kosti verði rætt við þrjár konur sem voru í þremur íbúðum sem lögregla gerði húsleit í. – ss

# Gagnrýnir kaup á bryggjulandi og kallar eftir opnu söluferli

**Borgarfulltrúi gagnrýnir fyrirhuguð kaup Reykjavíkurborgar á landi við Sævarhöfða í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi. Stjórnarformaður Faxaflóahafna er ósammála og segir langar samningaviðræður að baki. Verðmiðinn er rétt rúmur milljarður króna og kaupsamningurinn verður tekinn fyrir í borgarráði í dag.**



Borgaryfirvöld hafa skipulagt blandaða byggð við Sævarhöfða 33. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SKIPULAGSMÁL** Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins gagnrýnir fyrirhuguð kaup Reykjavíkurborgar á landinu Sævarhöfða 33 og segir það hafa átt að fara í opið söluferli. Þannig hefði verið hægt að kanna raunverulegt verðmæti landsins en borgarráð mun í dag taka afstöðu til kaupsamningsins við Faxaflóahafnir sem er upp á 1.050 milljónir króna.

„Það hefði að minnsta kosti átt að fá fasteignasala til að meta verðmæti landsins áður en til sölu þess kom og verið æskilegt að selja það á frjálsum markaði vegna þess að opið söluferli er eðlilegasta aðferðafræðin og sú heiðarlegasta þegar verið er að selja opinberar eignir. Allt væri þá uppi á borðum og borgin hefði þá átt jafnt á við aðra og getað boðið í landið á markaðsverði og stjórn Faxaflóahafna tekið upplýsta ákvörðun,“ segir Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Faxaflóahöfnum.

Drög að kaupsamningi voru kynnt á stjórnarfundi Faxaflóahafna á föstudag og hann samþykktur. Tveir stjórnarmenn af sex, Marta og Einar Brandsson, sátu þá hjá og lögðu hún fram bókun þar sem samkomulagið var gagnrýnt. Fullyrti Marta að Reykjavíkurborg hefði þrýst á að fá keypt landið, sem verður hluti af stækkun bryggjuhverfisins í Grafarvogi, og ekkert verðmat unnið sem tæki tillit til þeirrar vinnu við landfyllingu á svæðinu sem á að ljúka á næstu árum.

„Það væri meiriháttar stefnubreyting hjá Faxaflóahöfnum ef þær ætluðu ekki að selja hafnarland aftur til eigenda sinna. Það var algjör einhugur um það meðal annarra í stjórninni að víkja ekki frá núverandi stefnu,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarformaður Faxaflóahafna.

„Þetta eru því einhverjar getgátur þegar spurningin um opið söluferli gengur ekki upp þar sem það er stefnubreyting sem við myndum aldrei sjá hjá Faxaflóahöfnum. Það áttu sér stað raunverulegar og langar samningaviðræður og við hefðum ekki lagt samninginn fram nema vegna þess að við erum sátt við hann,“ segir Kristín Soffía.

Landið er nú athafnasvæði steinefnaframleiðandans Björgunar og gengur undir vinnuheitinu Bryggjuhverfi vestur. Á þeirri landfyllingu er gert ráð fyrir allt að 850 íbúðum og munu öll mannvirki víkja nema tveir sementstankar sem eru syðst á svæðinu. Faxaflóahafnir, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar og fjögurra annarra sveitarfélaga, sömdu við Björgun fyrir rúmu ári þar sem gert var ráð fyrir starfsemi fyrirtækisins þar til maíloka 2019. Gert er ráð fyrir að landfyllingin stækki út í sjó, vestan við athafnasvæðið, og hefur verið samið við Björgun um gerð hennar.

haraldur@frettabladid.is

> Allt væri þá uppi á borðum og borgin hefði þá átt jafnt á við aðra og getað boðið í landið á markaðsverði.
>
> Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15






**Við verðum með 31 Toyota-bifreið** á afar sjaldséðu tilboðsverði enda aðeins 31 dagur til jóla og því fylgir ríflegur jólakaupauki með hverjum nýjum bíl sem við seljum á sýningunni.

**JÓLAKAUPAUKI**
Fylgir öllum nýjum bílum sem seljast á sýningunni.

**GJAFAKORT SMÁRALINDAR að verðmæti 100.000 kr.**
Þú kaupir nýjan bíl í pakkarúntinn og ferð langt með að klára jólainnkaupin í einni og sömu ferð.

**VEGLEG JÓLAVEISLA frá Krónunni:** Hamborgarhryggur, hangilæri, sultur og sósur, hátíðarpate, reyktur og grafinn lax, síldin, ostarnir, kexið, „Mackintosh-dós“ og allt sem þarf fyrir mestu sælkerahátíð ársins.

Komdu og heilsaðu upp á sölumenn okkar sem verða í alveg sérstöku hátíðarskapi. Kósí stemning, heitt kakó og ljúffengar veitingar í anda jólanna. Frábær tilboð á bílavörum í auka- og varahlutaverslun.

**· Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota-bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070




Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Geir segir ólíðandi fyrir forsætisráðherra að samtöl hans við embættismenn ríkisins séu hljóðrituð án hans vitundar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hvernig hefðu forverarnir brugðist við birtingunni?

**STJÓRNSÝSLA** Birting á afriti af samtali Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde í Morgunblaðinu á laugardag var ekki borin undir Geir. Þetta segir hann í svari til Fréttablaðsins.

Í blaðinu var birt afrit af samtali sem þeir Davíð, sem þá var seðlabankastjóri, og Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, áttu er ákvörðun var tekin um að veita Kaupþingi 500 milljóna evra lán (sem jafngilti 84 milljörðum króna) með veði í danska bankanum FIH. Ákvörðunin var tekin sama dag og neyðarlögin voru sett 6. október 2008.

„Innihald samtalsins ber það með sér að það er ekki vegna efnis þess sem ég hef verið andvígur birtingu þess heldur vegna þess að það er ólíðandi fyrir forsætisráðherra, hver sem hann er, að samtöl hans við embættismenn ríkisins séu hljóðrituð án hans vitundar til opinberrar birtingar síðar. Fróðlegt gæti verið fyrir fjölmiðla að velta fyrir sér hvernig forverar mínir í embætti forsætisráðherra hefðu brugðist við slíku,“ segir Geir í svarinu.

Geir segist hafa svarað öllum efnisatriðum varðandi þetta samtal margsinnis.

Í dag verður birt niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu í landsdómsmáli Geirs. **– jhh**

## Krókódíllinn kominn heim




Emmerson Mnangagwa, fyrrverandi varaforseti Simbabve, kom heim til Afríkuríkisins í gær. Hann tekur við embætti forseta eftir að Robert Mugabe sagði af sér eftir 37 ár við stjórnvölinn þar í landi. Mnangagwa hefur góð tengsl við simbabveska herinn og þykir harðlínumaður enda kallaður „Krókódíllinn“ vegna miskunnarleysis síns. Þessir stuðningsmenn buðu Mnangagwa hjartanlega velkominn heim í gær. NORDICPHOTOS/AFP







# Bílaleigur hamstra til að fá afslátt vörugjalda

**Bílaleigur kaupa nú inn bíla fyrir áramótin af miklum móð. Afsláttur þeirra á vörugjöldum leggst af um áramótin. Gæti kostað fyrirtækin 2,5 milljarða króna árlega segir forstjóri einnar bílaleigu. Stefnir í metár í forskráningu ökutækja.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Bílaleigufyrirtæki nýta nú síðustu daga ársins til að kaupa inn bíla. Um áramót verða afnumdir afslættir fyrirtækjanna á vörugjöldum af nýjum bifreiðum.

Eimskip og Samskip finna fyrir auknum innflutningi og þarf Samskip að fara fleiri ferðir frá meginlandi Evrópu.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds, segir verð á bílum til þeirra hækka um allt að hálfa milljón.

„Við höfum verið að kaupa inn bíla í haust til að deyfa þetta högg,“ segir Steingrímur. „Þessar breytingar munu kosta okkar fyrirtæki um þrjú hundruð milljónir á ári og rúma tvo milljarða árlega fyrir greinina í heild.“

Innflutningur til landsins er svo mikill að áætlanakerfi Samskipa hefur ekki undan í haust og hefur fyrirtækið brugðið á það ráð að fara aukaferðir.

„Það er meira að gera í innflutningi þetta haustið en oft áður. Við höfum verið með nokkur aukaskip og sjáum ekki enn hvort við þurfum að fara fleiri aukaferðir,“ segir Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa.

„Við sjáum aukningu í bifreiðum og þegar við þurfum að taka aukaskip er það til að hreinsa upp það sem ekki hefur komið í skip okkar, bæði almenna vöru en líka bifreiðar.“

## Forskráning ökutækja á hverju ári.




Tölur fyrir 2017 eru til 20. nóvember.
Heimild: Samgöngustofa

Árið í ár verður að öllum líkindum metár hjá Samgöngustofu þegar kemur að forskráningu ökutækja. Frá hruni hefur forskráningum fjölgað gífurlega, úr því að vera 2.000 bifreiðar árið 2009 í að verða yfir 33.500 á þessu ári.

Bílaleigur hér á landi hafa notið niðurfellingar á vörugjöldum sem að hámarki eru 500 þúsund á hverja bifreið. Nú stendur til að taka þessa niðurfellingu af og því þurfa þær að greiða vörugjöld.

„Við höfum bent á að bílaleiga er eina greinin innan ferðaþjónustu í hæsta virðisaukaskattsþrepi. Okkur var á sínum tíma lofað einhverjum mótvægisaðgerðum en við höfum ekki séð þær enn sem komið er,“ segir Steingrímur. „Þetta mun leggjast þungt á greinina og afkomu fyrirtækjanna.“ **sveinn@frettabladid.is**

# Meira þakklæti



## Ferskur kalkúnn

**1.599** kr/kg

Verð áður **1.999** kr/kg

Tilboð gilda út 26. nóvember




**Urban Accents**

Turkey Brine & Rub tryggir þér safaríkari kalkún



**Argentína kalkúnafylling**

Tilbúin gæða fylling

**1.399** kr/stk




**Kalkúna eldhúsvörur**

Sprauta, steikingarpokar, Pop Up Timer o.m.fl.

verð frá **569** kr/stk

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Mál matreiðslunemans ömurlegt

**Formaður nefndar sem samdi drög að nýjum útlendingalögum segir kærunefnd útlendingamála lesa útlendingalögin miklu þrengra en nefndin hafði gert ráð fyrir. Hann segir að útlendingalögin hefðu getað orðið betri ef meiri tími hefði gefist til að vinna þau.**



Chuong Le Bui er gert að yfirgefa Ísland á næstu dögum, samkvæmt úrskurði kærunefndar útlendingamála. Hún hefur sótt um frestun réttaráhrifa og þarf að rökstyðja þá frestun þann 27. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er ömurlegt mál og ekki í takti við vilja nefndarinnar þegar við vorum að vinna þetta,“ segir Óttarr Proppé. Hann var formaður þverpólitískrar þingmannanefndar sem samdi drög að nýjum útlendingalögum á þar síðasta kjörtímabili.

Kærunefnd útlendingamála hefur komist að þeirri niðurstöðu að víetnamski matreiðsluneminn Chuong Le Bui skuli ekki fá námsmannadvalarleyfi hér á landi. Ástæðan er sú að í nýjum útlendingalögum er iðnnám ekki skilgreint sem nám.

Óttarr segir að það hafi verið ætlun nefndarinnar að tekið yrði tillit til iðnnáms. „Þetta er lesið miklu þrengra af kærunefndinni heldur en við hefðum gert ráð fyrir í þingmannahópnum,“ segir Óttarr.

Óttarr segir að þingmannanefndin hafi lagt til að skipuð yrði nefnd til að fylgja lögunum og innleiðingunni eftir til þess að geta tekið á hnökrum sem fyrirsjáanlegt var að gætu komið upp á í þessari risastóru löggjöf. Sú nefnd hefur ekki verið skipuð. Óttarr leggur áherslu á að nýju útlendingalögin séu gríðarlega flókin. „Ég held að lagabókstafurinn sé vel yfir 100 síður,“ segir hann og bendir á að þetta sé með flóknustu og umfangsmestu lagasetningum sem hafi verið gerðar. „Þannig að þrátt fyrir tiltölulega góðan undirbúning var alltaf vitað að við yrðum að læra af þessu og breyta hlutunum í framkvæmd.“

Á undanförnum árum hefur verið gripið til ýmissa ráðstafana, bæði í ráðuneytunum og á Alþingi til að bæta lagasetningu. En mistökin gerast enn. „Ég held að það hafi allt verið í rétta átt. Það hefur sömuleiðis verið byggt undir getu og styrk þingsins,“ segir Óttarr og bendir á að sérfræðiþjónusta á nefndarsviði hafi verið aukin.

„Það sem kannski hefur verið landlægt á Íslandi er að löggjöf hefur oft verið unnin hratt miðað við í Evrópu, þar sem hefur verið siður að lagabreyting hefur verið unnin í löngu ferli og jafnvel á nokkrum árum,“ segir Óttarr.

Hann segir að margt hafi verið til fyrirmyndar við vinnslu nýju útlendingalaganna. Málið hafi verið unnið þverpólitískt og í samstarfi við þá sem vinna í faginu. „Það var að mörgu leyti til fyrirmyndar þó að kannski megi segja að í þessu tilfelli hefðu lögin orðið betri ef við hefðum verið einu til tveimur árum lengur að vinna ferlið. En það var bara eiginlega ekki í boði,“ segir Óttarr.



Óttarr Proppé.

Óttarr segir Íslendinga vera að sumu leyti því marki brennda að vera fámenn þjóð með tiltölulega veikar stofnanir til að takast á við jafn flókin verkefni í lagasetningu og stærri lönd. „Það þýðir að við erum í mörgum tilvikum að reyna á þanþolið og getuna.“

jonhakon@frettabladid.is



## Efast um að mistök hafi verið gerð

Nýju útlendingalögin voru unnin á þar síðasta kjörtímabili. Sigríður Andersen dómsmálaráðherra hefur sagt að sú skilgreining sem kemur fram á námi sé of þröng og miklu þrengri en löggjafarviljinn hafi staðið til. Í ráðuneytinu fer fram undirbúningur að breytingu á lögunum.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, dregur í efa að um mistök hafi verið að ræða. „Ég er nú ekkert viss um að þetta hafi verið mistök. Ég held að þeir sem voru að semja þetta frumvarp hafi ekkert litið á nám nema háskólanám og starfsnám væri bara ekki þar inni í þeirra huga. En það kann að vera að þetta hafi verið mistök,“ sagði Brynjar í útvarpsþættinum Bítinu á Bylgjunni í gær.

Brynjar segist andvígur nýju lögunum. „Ég sagði að þau væru vanhugsuð og sat hjá við afgreiðslu þeirra. Enda óttast ég að þegar það kemur fram þverpólitískt frumvarp, þá sé það aldrei vænlegt til árangurs.“






# Aðventukvöld Garðheima

— ★ ★ ★ —

## FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 23. NÓVEMBER

ÆTLA GARÐHEIMAR AÐ VERA MEÐ NOTALEGT AÐVENTUKVÖLD TIL AÐ UNDIRBÚA OG FAGNA AÐVENTUNNI. DAGSKRÁIN STENDUR YFIR FRÁ KLUKKAN 19-21 EN VERSLUNIN ER OPIN TIL 22:00

— ★ ★ ★ —



### SÝNIKENNSLA Á 3 STÖÐVUM Í GERÐ AÐVENTUSKREYTINGA OG HURÐAKRANSA

SJÁIÐ NÝJUSTU STRAUMA OG STEFNUR Í JÓLASKREYTINGUM, LÆRIÐ RÉTTU HANDTÖKIN, FÁIÐ GÓÐ RÁÐ OG LEIÐBEININGAR MEÐ HVAÐ PASSAR VEL SAMAN OFL.

— ★ ★ ★ —

LJÚFIR JÓLATÓNAR FRÁ SÖNGHÓPNUM LYRIKA

JÓLAKAFFI FRÁ TE OG KAFFI

JÓLABJÓR FRÁ STEÐJA BRUGGHÚSI

HEITT KAKÓ, KAHLUA OG SMÁKÖKUR

## spíran

ÞAKKARGJÖRÐARKVÖLDVERÐUR Á SPÍRUNNI FRÁ KL 17:30-20:00

GRASKERSSÚPA MEÐ NÝBÖKUÐU BRAUÐI OG HUMMUS.
KALKÚNN MEÐ ÞAKKARGJÖRÐARFYLLINGU, LJÚFFENGRI SÓSU OG SÆTUM KARTÖFLUM.
RISTAÐ PECAN/VANILLU CRUMBLE

3 RÉTTIR KR 2.990 2 RÉTTIR KR 2.590

FRÍTT FYRIR 5 ÁRA OG YNGRI - HÁLFVIRÐI FYRIR 6 - 12 ÁRA



## 20% AFSLÁTTUR

AF TILBÚNUM SKREYTINGUM, SKREYTINGAREFNI, HURÐAKRÖNSUM OG GERVIJÓLATRJÁM

## 20% AFSLÁTTUR AF LJÓSASERÍUM OG LJÓSAHLUTUM



Ráðgjöf
Í VALI Á RÉTTU LJÓSASERÍUNUM

Hugmyndir
AÐ FALLEGUM ÚTISKREYTINGUM.

## 20% AFSLÁTTUR

AF KERTUM, BATTERÍSKERTUM OG JÓLASKRAUTI



Tilboðin gilda fimmtudaginn 24. nóv og föstudaginn 25. nóv

OPIÐ TIL KL 22:00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is














**Á þessari skýringarmynd sýna örvarnar hvert fólk á að stefna í skjól komi til eldgoss í Öræfajökli.**

# Áætlun vísar veginn ef gos verður í Öræfajökli

Almannavarnir stefna að því að rýma svæðið við Öræfajökul áður en eldgos kann að brjótast þar út. Náist það ekki í tæka tíð verður unnið samkvæmt nýrri neyðaráætlun. Fjöldahjálparstöðvar verða bæði á Höfn og Kirkjubæjarklaustri.

**NÁTTÚRUVÁ** Gefin hefur verið út ný rýmingaráætlun vegna hugsanlegs eldgoss í Öræfajökli.

„Verði eldgos í Öræfajökli er stefnt að því að búið sé að rýma svæðið áður. Ef eldgos hefst án fyrirvara er svæðið rýmt samkvæmt meðfylgjandi neyðarrýmingaráætlun,“ segir í inngangi áætlunarinnar sem Almannavarnir gáfu út í gær.

„Miðað við hvar fjallið er að þá er eiginlega eina skýringin sú að það er einhver kvika á ferðinni,“ sagði Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá jarðvísindadeild Háskóla Íslands, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Við höfum nú þegar áhyggjur,“ bætti Ármann við en undirstrikaði að nægur fyrirvari myndi fást til að koma fólki undan.

Leiðbeiningar í tilfelli neyðarrýmingar eru þessar: „Farið stystu leið að Svínafelli 1, Hofi 1, Hnappavöllum 2. Bíðið frekari fyrirmæla þar í bílum. Ef til öskufalls kemur, leitið skjóls innandyra eða haldið kyrru fyrir í bílum. Þegar fyrirmæli verða gefin skal fylgja þeim og yfirgefa svæðið.“

Fram kemur í rýmingaráætluninni að Neyðarlínan 112 á að senda fjölda SMS-skilaboða á senda frá Lómagnúpi að Jökulsárlóni. Skilaboðin verða þannig á íslensku en þau verða einnig á ensku:

„Frá lögreglu. Eldgos er yfirvofandi í Öræfajökli. Rýmið á Svínafell 1, Hof 1 eða Hnappavelli 2, Höfn eða Kirkjubæjarklaustur eftir því hvar þið eruð. Tafarlaus rýming.“

Sendir verða lögreglubílar frá Kirkjubæjarklaustri að Skaftafelli til að aðstoða við rýmingu og frá Höfn að Kvískerjum.

Björgunarsveitir loka veginum við Lómagnúp og við Jökulsárlón og aðstoða við rýmingu.

Deild Rauða krossins á Kirkjubæjarklaustri mun undirbúa móttöku fólks í fjöldahjálparstöð og Rauði krossinn á Höfn undirbýr einnig fjöldahjálparstöð.

Þá verður slökkvilið í viðbragðsstöðu og til aðstoðar.

Vettvangsstjórnir verða á Kirkjubæjarklaustri, á Höfn og í Öræfum. Aðgerðastjórn verður á Hellu og samhæfingarstöð í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð í Reykjavík. **gar@frettabladid.is**




# BLACK FRIDAY

## NÝ TILBOÐ Á HVERJUM DEGI

- frá þriðjudeginum 21.11.



Vertu á undan Sveinka

Toys R Us

# Mladic í ævilangt fangelsi

**HOLLAND** Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn í málefnum fyrrverandi Júgóslavíu, sem staðsettur er í Haag, dæmdi Ratko Mladic, hershöfðingja Bosníu-Serba í Bosníustríðinu, í lífstíðarfangelsi fyrir þjóðarmorð, glæpi gegn mannkyninu og aðild að verstu ódæðum stríðsins. Mladic, sem hefur verið kallaður „Slátrari Bosníu“, leiddi hermenn sína meðal annars í þjóðarmorðinu í Srebrenica.

Mladic var sakfelldur fyrir tíu af ellefu ákæruliðum en var ekki viðstaddur dómsuppkvaðningu. Var það vegna þess að honum var vikið úr dómsal fyrir að öskra á dómarana. Mladic neitar enn sök í málinu og sagðist ætla að áfrýja.



**Ratko Mladic, hershöfðingi Bosníu-Serba í Bosníustríðinu.**

Á meðal þess sem kom fram í máli dómsforsetans, Alphons Orie, var upptalning á þeim glæpum sem hermenn Mladic gerðust sekir um undir hans stjórn. Meðal annars fjöldanauðganir bosnískra kvenna, fangelsun Bosníumanna og svelti og barsmíðar á föngum, skotárásir á óbreytta borgara og eyðilegging heimila og moska Bosníumanna. – þea

# Stefnir allt í kosningar

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, reynir enn að mynda meirihlutastjórn þar í landi þrátt fyrir að slitnað hafi upp úr stjórnarmyndunarviðræðum flokks hennar, Kristilegra demókrata, við Frjálslynda demókrata og Græningja.

Forsetinn Frank-Walter Steinmeier hefur fundað með formönnum allra flokka á þingi í von um að leysa úr stjórnarkreppunni sem upp er komin en eina mögulega meirihlutamynstrið fyrir utan það sem nefnt var hér á undan er samsteypustjórn Kristilegra demókrata og Jafnaðarmannaflokksins. Flokkarnir unnu saman á síðasta kjörtímabili.

Reyndar væri mögulegt að mynda meirihluta með aðkomu þjóðernishyggjuflokksins AfD en aðrir flokkar hafa útilokað samstarf við AfD þannig að sá möguleiki þykir ekki líklegur.

Jafnaðarmenn vilja hins vegar ekki vinna aftur með Kristilegum demókrötum. Flokkurinn missti fylgi í nýafstöðnum kosningum og kanslaraefnið Martin Schulz hefur sagt að kjósendur hafi hafnað Stórbandalaginu svokallaða. „Við erum ekki eitthvert neyðaruppfyllingarefni fyrir Merkel,“ sagði Andrea Nahles, formaður þingflokks Jafnaðarmanna, í gær.

Því er ólíklegt að Merkel takist að mynda meirihlutastjórn. Þá er því haldið fram að henni þyki minnihlutastjórnir ekki koma til greina og líklegt er því að boðað verði til kosninga á ný. – þea

# Forsætisráðherrann fær ekki að segja af sér

**Forsætisráðherra Líbanons hefur loks afhent afsagnarbréf sitt. Rúmar tvær vikur eru síðan hann tilkynnti um afsögn en Sádi-Arabar eru sagðir hafa neytt hann til að segja af sér. Forsetinn neitaði að samþykkja afsögnina og vildi fá frest.**

**LÍBANON** Saad Hariri, forsætisráðherra Líbanon, afhenti Michel Aoun forseta afsagnarbréf sitt í gær. Hariri tilkynnti um afsögn sína í upphafi mánaðar þegar hann var staddur í Sádi-Arabíu en hafði ekki getað afhent afsagnarbréfið þar sem hann dvaldi um stund þar í landi áður en hann hélt til Frakklands og þaðan heim til Líbanons.

„Ég afhenti hæstvirtum forseta afsagnarbréf mitt en hann bað mig um að fresta afsögn minni tímabundið á meðan hann íhugar ástæður afsagnarinnar. Ég tjáði samþykki mitt fyrir þessari ákvörðun og vona að hún leiði til ábyrgra viðræðna um framhaldið,“ sagði Hariri sem ljóst er að mun gegna forsætisráðherraembættinu enn um sinn.



**Saad Hariri í Líbanon í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Ástæðurnar sem Aoun hyggst kanna hafa verið ræddar í þaula allt frá því Hariri flutti ávarp sitt í sádi-arabísku höfuðborginni Riyadh. Stjórnmálaskýrendur víða um heim sem og heimildarmenn fjölmiðla innan líbönsku ríkisstjórnarinnar fullyrða að Sádi-Arabar hafi í raun neytt Hariri til að segja af sér vegna þess hve litlum árangri hann hafði náð í baráttunni gegn Hezbollah-samtökunum. Heimildarmaður CNN sagði til að mynda að orðalag ávarpsins væri gjörólíkt orðalagi Hariri og því væri líklegt að Sádi-Arabar hefðu skrifað ávarpið.

Einnig hafa Sádi-Arabar verið ásakaðir um að hafa haldið Hariri í Sádi-Arabíu gegn vilja hans. Þótt bæði Sádi-Arabar og Hariri sjálfur hafi neitað þessum ásökunum töldu forseti og utanríkisráðherra Frakklands nauðsynlegt að skerast í leikinn og ræða við málsaðila. Fullvissaði Jean-Yves Le Drian í heimsókn sinni til Sádi-Arabíu að Hariri væri frjáls ferða sinna.

Rótin að þessum vanda Líbanons liggur í því að ríkið er nú miðpunktur eins konar kalds stríðs Írans og Sádi-Arabíu sem keppa nú um völd og áhrif á svæðinu. Íran styður Hezbollah en Sádi-Arabar hafa aftur á móti lengi stutt Líbanon, einkum Framtíðarhreyfinguna sem Hariri er í forsvari fyrir. thorgnyr@frettabladid.is




Sjáumst á kvöldvaktinni.

Það er opið til 21 alla fimmtudaga fram að jólum. Komdu við í Öskju og kynntu þér úrvalið.
Með hverjum seldum nýjum Mercedes-Benz fylgir veglegur kaupauki: Vetrar– og sumardekk ásamt alþrifum hjá Aðalbóni í heilt ár.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# BLACK FRIDAY

## ALVÖRU VERKFÆRI

Tilboðin gilda föstudaginn 24. nóvember

OPIÐ FRÁ 07:00 TIL 20:00

*ALLAR VÖRUR **20%** afsláttur

*FJÖLDI BLACK FRIDAY TILBOÐA ÁSAMT ÖÐRUM VÖRUM Á 20% AFSLÆTTI.

### VELTISÖG 250 MM



BLACK FRIDAY 79.900

Fullt verð 105.757

25 stk

### HLEÐSLUSETT ÞRJÁR VÉLAR



BLACK FRIDAY 79.900

Fullt verð 105.900

40 stk



### PRO PLUS SERIA

320 verkfæri

7 SKÚFFUR

TOPTUL®

125 stk



BLACK FRIDAY 128.835

Fullt verð 207.416

*20% afsláttur gildir ekki á black friday tilboðum né öðrum verkfæraskápum

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI


KEYRUM ÞE
JÓLARÝMINGARSALA
JÓLAVERÐ
5.490.000 kr.
Verð áður 5.990.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr. + gjafakort
KOLEOS
RENAULT KOLEOS ZEN
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ
4.890.000 kr.
Verð áður 5.290.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
JÓLAVERÐ
4.290.000 kr.
Verð áður 4.690.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
FORESTER
SUBARU XV
SUBARU FORESTER PREMIUM
2.0 bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ
3.250.000 kr.
Verð áður 3.550.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr. + gjafakort
DUSTER
Duster
Dokker Van
DACIA DUSTER BLACK EDITION
1.5 dísil, fjórhjóladrifinn, beinskiptur
DACIA DOKKER SENDIBÍLL
1.5 dísil, beinskiptur
JÓLAVERÐ
1.725.000 kr. án vsk.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
100.000 kr. GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!
Íslandsbanki
GJAFAKORT
Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember
100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka. Kortið má nota
bílinn, skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan drau


TTA Í GANG!
TIL 15. DESEMBER
JÓLAVERÐ
4.390.000 kr.
Verð áður 4.790.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
HYUNDAI TUCSON
1.7 dísil 2WD, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ
3.450.000 kr.
Verð áður 3.790.000 kr.
Afsláttur 340.000 kr. + gjafakort
NISSAN LEAF BLACK EDITION
100% rafbíll, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ
10.340.000 kr.
Verð áður 11.090.000 kr.
Afsláttur 750.000 kr. + gjafakort
JAGUAR F-PACE PRESTIGE
240 hestöfl, dísil,
fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
SUBARU XV PREMIUM
2.0 bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ
1.990.000 kr.
Verð áður 2.190.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
NISSAN MICRA VISIA+
900 CC, bensín, beinskiptur
JÓLAVERÐ
6.980.000 kr.
Verð áður 7.580.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr. + gjafakort
BMW X1 EXCLUSIVE LINE
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
fá í kaupbæti
a sem innborgun á nýja
m rætast.
GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
ENNEMM / SÍA / NM85225

# Ástand heimsins
















**1.** Allnokkrir mótmælendur í gervi Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, mótmæltu nýju fjárlagafrumvarpi í gær.

**2.** Þrír af umdeildari leiðtogum heims, Vladimír Pútín, Recep Tayyip Erdogan og Hassan Rouhani, forsetar Rússlands, Tyrklands og Írans, funduðu í rússnesku borginni Sochi í gær og ræddu stríðið í Sýrlandi.

**3.** Vannært jemenskt barn fær læknisaðstoð í höfuðborginni Sanaa. Ríkið er á barmi alvarlegrar hungursneyðar. NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Fyrrverandi starfsmenn hins gjaldþrota þýska flugfélgs Air Berlin mótmæltu óvissu um framtíð sína í gær.

**5.** Sveitarstjórnarkosningar eru í Alsír í dag og komst þessi kona ekki hjá því að sjá fjölda auglýsinga í höfuðborginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

NÝR RANGE ROVER VELAR

# MYND SEGIR MEIRA EN ORÐ

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




## ÓMÓTSTÆÐILEGUR

Range Rover Velar er án efa einn fágaðasti og öflugasti jeppinn í millistærðarflokki sem framleiddur er. Byltingarkennd hönnun, fyrsta flokks handverk og framúrstefnulegar tækninýjungar á borð við Touch Pro Duo upplýsinga- og afþreyingarkerfi eiga án efa eftir að örva skilningarvit nýrrar kynslóðar Range Rover eigenda.

landrover.is

Verð frá 9.990.000 kr. Velar á mynd er FIRST EDITION útgáfa: Touch Pro Duo afþreyingarkerfi með tveimur 10" snertiskjám, 8 þrepa sjálfskipting, fjórhjóladrif með virkri togstjórnun, eldsneytisnotkun frá 5,4 l/100 km*, $CO_2$ frá 142 g/km.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM85096

## Uppgjörið mun styðja við verð Eimskips

Uppgjör Eimskips á þriðja ársfjórðungi, þar sem tekjur jukust um 32 prósent, var í samræmi við væntingar greinenda hagfræðideildar Landsbankans. Fram kemur í viðbrögðum deildarinnar við uppgjörinu að jákvæðu þættirnir hafi verið lægri launakostnaður og góð innkoma nýrra flutningsmiðlunarfyrirtækja. Neikvæðu þættirnir hafi hins vegar legið í áætlunarsiglingum og áframhaldandi misvægi í innflutningi og útflutningi á helstu markaðssvæðum Eimskips.

Hagfræðideildin telur þó að uppgjörið muni styðja við verð félagsins frekar en hitt. Samdráttur var í flutningum til Norður-Noregs og einnig í innflutningi til Færeyja. Þá jukust tekjur af flutningsmiðlun um 87 prósent og námu samtals 64,8 milljónum evra. Launakostnaður hækkaði um 10,7 prósent á milli ára sem er minni hækkun en var á hinum tveimur fjórðungum ársins.

Þrátt fyrir að uppgjör Eimskips hafi verið í samræmi við spá greinenda þá lækkuðu bréf félagsins í verði um átta prósent í 400 milljóna viðskiptum í gær. Verðlækkunin kemur í kjölfar þess að fjárfestingasjóðurinn Yucaipa tilkynnti samhliða uppgjöri félagsins að hann væri að skoða sölu á hluta eða allri hlutafjáreign sinni en sjóðurinn er stærsti hluthafi Eimskips með 25,3 prósenta hlut. Miðað við gengi bréfa Eimskips við lokun markaða í gær er sá hlutur metinn á um 12,5 milljarða. **– hae**

# Gætu greitt upp lán á 5 árum

**Frjór jarðvegur til aukinnar atvinnuvegafjárfestingar. Eiginfjárhlutfall viðskiptahagkerfisins ekki verið hærra frá því mælingar hófust árið 2002. Hlutfall langtímaskulda og EBITDA lækkað mikið síðustu ár.**

Aðstæður til aukinnar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi hafa líklega aldrei verið betri en nú. Eiginfjárhlutfall viðskiptahagkerfisins hefur ekki verið hærra frá því að mælingar hófust 2002 og þá hefur verulega dregið úr skuldsetningu á undanförnum árum. Það tæki fyrirtæki í atvinnulífinu að jafnaði minna en fimm ár að greiða upp allar langtímaskuldbindingar.

Þetta kemur fram í Þjóðhag, ársriti hagfræðideildar Landsbankans, sem kom út í gær en samkvæmt nýrri þjóðhagsspá bankans mun atvinnuvegafjárfesting aukast um rúmlega átta prósent á þessu ári og því næsta. Árið 2020 er gert ráð fyrir að mesti fjárfestingarkúfurinn í núverandi uppsveiflu verði að baki og þá verði um tveggja prósenta samdráttur í atvinnuvegafjárfestingu.

Á það er bent í umfjöllun hagfræðideildar að lykilþáttur í fjárfestingaákvörðunum margra fyrirtækja sé gengi krónunnar og væntingar um gengisþróun til lengri tíma. Þannig fari jafnan saman aukin fjárfesting og styrking krónunnar en raungengið hefur sjaldan verið hærra. Mjög stór hluti atvinnuvegafjárfestingar kemur erlendis frá í gegnum innflutning og því hefur gengisstyrking krónu að undanförnu gert fjárfestingu ódýrari í krónum talið.

Sterkt gengi krónunnar, ásamt því að fjárhagsstaða fyrirtækja hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum, þýðir því að „jarðvegur til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu hefur, á ýmsa mælikvarða, líklega aldrei verið jafn frjósamur og nú,“ segir í riti hagfræðideildarinnar. Þannig var eiginfjárhlutfall viðskiptahagkerfisins 42 prósent í árslok 2015 og hefur ekki áður mælst hærra. Hækkandi eiginfjárhlutfall má að töluverðu leyti skýra með lækkun skulda, einkum erlendra langtímalána.

Þessi þróun, eins og útskýrt er í ritinu, hefur þýtt að mjög hefur dregið úr skuldsetningu rekstrar. Í lok 2016 var hlutfall langtímaskulda og hagnaðar fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) 4,7 en á þann mælikvarða tæki það undirliggjandi rekstur tæp fimm ár að greiða upp allar langtímaskuldbindingar. Er hlutfallið í dag með því lægsta sem verið hefur í fimmtán ár. „Á þennan mælikvarða má því ætla að undirliggjandi rekstur þoli meiri skuldsetningu og því sé umtalsvert rými til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu,“ segir í ritinu.

Hagfræðideildin telur að á næstu árum verði einnig aukinn kraftur í fjárfestingu hins opinbera. Spáir deildin því að hún aukist um níu prósent í ár og á næsta ári og síðan um fimmtán prósent á árunum 2019 og 2020. Er á það bent í ritinu að mikil umræða hefur verið um nauðsyn viðhalds og uppbyggingar ýmissa innviða. Þörfin á endurbótum sé jafn aðkallandi innan sveitarfélaganna og á vettvangi ríkisins. Opinber fjárfesting var að jafnaði 4 til 5 prósent af landsframleiðslu á tímabilinu 1998 til 2008 en á allra síðustu árum hefur þetta hlutfall lækkað mjög og verið um 3 prósent. Samkvæmt þjóðhagsspá hagfræðideildarinnar verður hlutfallið komið í 3,5 prósent 2020.



Hagfræðideildin spáir því að íbúðafjárfesting aukist um 28 prósent í ár og 20 prósent á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**42**

**prósent var eiginfjárhlutfall viðskiptahagkerfisins í árslok.**

### Skuldsetning atvinnulífsins

Langtímaskuldir/EBITDA




**Heimild:** Þjóðhagur, ársrit Hagfræðideildar Landsbankans 2017. Tölurnar innihalda allan einkarekstur hér á landi utan lyfjaframleiðslu, fjármála- og vátryggingastarfsemi.

### Hagvöxtur verulega háður ferðaþjónustu

Samkvæmt spá hagfræðideildar Landsbankans mun hagvöxtur verða 5,5 prósent á þessu ári – til samanburðar áætlar Seðlabankinn að vöxturinn verði 3,7 prósent – sem verði studdur kröftugum vexti einkaneyslu, útflutnings og fjárfestingar. Árlegur hagvöxtur á tímabilinu 2017 til 2020 verður um 4 prósent að meðaltali.

Hagvaxtarþróun hér á landi er orðin umtalsvert næmari fyrir útflutningi, einkum og sér í lagi gagnvart breytingum í vexti ferðaþjónustu, en á síðasta ári var hlutfall útflutnings af landsframleiðslu um 45 prósent. Til samanburðar var þetta hlutfall jafnan um 26 til 32 prósent á tímabilinu 1980 og 2008.

Hagfræðideildin telur að tímabil mikillar fjölgunar ferðamanna sé að baki og við taki mun hóflegri vöxtur. Á næsta ári er því spáð að erlendum ferðamönnum fjölgi um 8 prósent sem yrði þá nálægt sögulegum meðalvexti hér á landi en töluvert umfram vöxt ferðamanna í heiminum. Á árunum 2019 og 2020 gerir deildin ráð fyrir því að vöxturinn verði hins vegar 5 prósent hvert ár.








Hreyfing er lífsgæði

Frelsið til að hreyfa sig er uppspretta orku og lífsgleði. Njóttu þess alla ævi.

- Verndar liði, bein og brjósk
- Inniheldur aðeins náttúruleg efni
- Kollagenrík blanda úr sæbjúgnaskráp
- Bætt með D3- og C-vítamíni
- Túrmerik og mangan fyrir aukna virkni

VELJUM ÍSLENSKT




LIÐIR - liðkandi fiskprótínblanda frá PROTIS




# BLACK FRIDAY

Kynntu þér **frábær tilboð á úrum og skartgripum** í verslunum okkar á Laugaveginum, í Kringlunni og í vefversluninni á michelsen.is.

Allt að **60% afsláttur*** fimmtudag og föstudag.

*Gildir ekki fyrir Rolex og Tudor

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni - sími 511 1900 - www.michelsen.is

# Umboðssvik



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Á síðustu árum hafa fyrrverandi stjórnendur fallinna fjármálafyrirtækja verið dæmdir fyrir umboðssvik vegna óábyrgra lánveitinga fyrir hrunið.

Umboðssvik eru hegningarlagabrot og koma fram í auðgunarbrotakafla laganna. Brotið felst í því að maður sem hefur aðstöðu á hendi, þannig að annar aðili verði bundinn af ráðstöfun hans, misnotar þessa aðstöðu og samfara þessari misnotkun er veruleg fjártjónshætta. Það er eingöngu hægt að refsa mönnum fyrir brot gegn ákvæðum í auðgunarbrotakafla hegningarlaga ef brotin eru framin í auðgunarskyni.

Jónatan Þórmundsson segir í fræðigrein sinni um umboðssvik frá 2007 að það sé „fortakslaust“ skilyrði að sýna þurfi fram á auðgunarásetning ef sakfella eigi mann fyrir umboðssvik. Þrátt fyrir kröfu laganna sjálfra um auðgunarásetning og afstöðu fræðimannsins hefur lögskýring Hæstaréttar Íslands á umboðssvikum verið fljótandi.

Í Exeter-málinu (Hrd. 442/2011) var sakfellt fyrir umboðssvik. Ekki er fjallað sérstaklega um auðgunarásetning í forsendum Hæstaréttar en í málinu nutu ákærðu hins vegar fjárvinnings af broti því þeir losnuðu undan persónulegum ábyrgðum vegna lánveitingar. Í Vafningsmáli (Hrd. 88/2013) var líka ákært vegna lánveitingar. Þar var talið að skilyrðum um misnotkun aðstöðu og auðgunarásetning væri fullnægt. Hins vegar ekki talið sannað að veruleg fjártjónshætta væri fyrir hendi og því sýknað. Í dómi Hæstaréttar í Imon-málinu (Hrd. 456/2014) var sakfellt fyrir umboðssvik en í dómnum segir: „Hlutu ákærðu að hafa gert sér grein fyrir að með því að veita lán á þessum forsendum við þær aðstæður, sem ríktu á fjármála- og verðbréfamörkuðum á þessum tíma og lýst hefur verið að framan, væru þau að víkja á freklegan hátt frá því sem af þeim var krafist í störfum þeirra fyrir Landsbanka Íslands hf. Með því móti misnotuðu þau aðstöðu sína.“ Síðan fjallar Hæstiréttur um skilyrðið um auðgunarásetning en segir: „Nægir í því sambandi að sýnt sé fram á að háttsemin hafi valdið verulegri fjártjónshættu fyrir þann sem bundinn varð af henni.“ Hér virðist Hæstiréttur ganga út frá því að veruleg fjártjónshætta dugi. Ekki verður annað séð en að þarna hafi rétturinn slakað á kröfunni um auðgunarásetning.

Morgunblaðið birti á laugardag samtal Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde frá 6. október 2008 þegar tekin var ákvörðun um að lána Kaupþingi banka 500 milljónir evra. Fram kemur að Davíð hafi vitað að peningarnir sem stóð til að lána myndu tapast. „Ég býst við að við fáum ekki þessa peninga til baka,“ sagði Davíð. Þarna var ákveðið að lána nær allan tiltækan gjaldeyrisforða íslenska ríkisins, þótt menn teldu öruggt að peningarnir myndu tapast, gegn veði í dönskum banka á tímum alþjóðlegrar fjármálakreppu. Veruleg fjártjónshætta blasti við.

Héraðssaksóknari skoðaði útprentun af símtalinu á sínum tíma og taldi ekki ástæðu til að aðhafast. Annað hvort er lögskýring Hæstaréttar Íslands á umboðssvikum röng eða það skiptir máli hvar á í hlut þegar héraðssaksóknari tekur ákvörðun um saksókn efnahagsbrota. Sitt er hvað Jón og séra Jón.

**Veruleg fjártjónshætta blasti við.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Atvinnuleitendur**

**Nú styttist væntanlega í að ný ríkisstjórn taki til starfa og þá þurfa þeir ráðherrar sem ekki hlutu kjör á Alþingi að fara að huga að því hvað þeir vilja gera í framhaldinu. Það sama á við um aðstoðarmenn þeirra. Sumir eru alveg rólegir en aðrir eru farnir að horfa meira fram á við. Þannig mátti til dæmis sjá að Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, aðstoðarmaður Þorsteins Víglundssonar, var á meðal umsækjenda um stöður saksóknara hjá Ríkissaksóknara sem auglýstar voru á dögunum. Hinn aðstoðarmaður Þorsteins, Karl Pétur Jónsson, hefur nú sótt um starf skrifstofustjóra menningarmála hjá Reykjavíkurborg. Þorsteinn virðist hins vegar sjálfur vera farinn að búa sig undir starf stjórnarandstöðuþingmanns.**

**Nýr formaður**

**En það eru fleiri stjórnmálamenn en ráðherrar og pólitískir ráðgjafar þeirra sem eru að yfirgefa pósta sína þessa dagana. Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar, hefur ákveðið að draga sig í hlé frá störfum og í hennar stað verður Elín Oddný Sigurðardóttir formaður. Gerð sjónvarpsþáttanna Ófærð 2 stendur yfir og á óskipta athygli Ilmar, sem er eins og flestir vita ekki bara stjórnmálamaður heldur líka afbragðs leikkona.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Óafturkræf náttúruspjöll



Svavar Halldórsson
framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts og Icelandic lamb

Íslensk stjórnvöld skrifuðu undir Samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika árið 1992. Hluti þeirrar íslensku náttúru sem fellur undir ramma hans eru húsdýrakynin sem bárust hingað með landnámsmönnum fyrir meira en þúsund árum; geitin, kýrin, sauðféð, forystuféð og íslenski hesturinn.

**Einstæðir og viðkvæmir stofnar**

Það er alþjóðlega viðurkennt að íslensku húsdýrakynin sem hafa lifað hér í einangrun eru einstök og framlag þeirra til erfðafræðilegs fjölbreytileika í veröldinni er ómetanlegt. Þau hafa aldrei komist í tæri við bróðurpart þeirra sjúkdóma sem herja á dýr annars staðar og eru því mjög viðkvæm. Einungis 15% þeirra 119 dýrasjúkdóma sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) fylgist með hafa fundist hér. Um 75% þessara sjúkdóma er hins vegar að finna á meginlandi Evrópu.

Árið 2016 brutust fyrrnefndir sjúkdómar 5.595 sinnum út í Evrópu (e. outbreaks). Eitt tilfelli greindist á Íslandi það ár. Dýrasjúkdómar breiðast út með ýmsum hætti en innflutningur á hráu kjöti er einn af þeim þáttum sem auka áhættuna. Við Íslendingar höfum brugðist við með innflutningsbanni og erum þar í hópi eyríkja eins og t.d. Nýja-Sjálands sem taka mjög hart á áhættuþáttum vegna dýrasjúkdóma. Bæði ríki hafa gert sér grein fyrir því að nýir sjúkdómar geta haft mjög alvarleg áhrif á einangraða og viðkvæma dýrastofna.

**Verðmæti komandi kynslóða**

Kæruleysi getur haft óafturkræf áhrif á náttúru, samfélög og efnahag. Hættan er raunveruleg en síðustu hundrað ár hafa um eitt þúsund húsdýrastofnar dáið út samkvæmt Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Sumir vegna sjúkdóma sem bárust með innflutningi á dýrum eða dýraafurðum. Hverfi dýrategundir verður það ekki tekið til baka. Íslensk náttúra, menningarlandslag og líffræðilegur fjölbreytileiki eru raunveruleg verðmæti sem ekki ætti að spila með. Skammsýni má ekki koma í veg fyrir að við getum skilað einstæðri náttúru og erfðaauðlind Íslands til komandi kynslóða.

**Dýrasjúkdómar breiðast út með ýmsum hætti en innflutningur á hráu kjöti er einn af þeim þáttum sem auka áhættuna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samstæð sakamál I

Í DAG

Þorvaldur Gylfason



Hann bað ráðherrann um að gera svo vel að ganga með sér út á tröppurnar, benti honum á stórvirk vinnutæki skammt frá og sagði: Þessi tæki voru flutt til landsins undir því yfirskini að þau skyldi nota á Keflavíkurflugvelli til að komast hjá sköttum og skyldum. Þetta var á skrifstofu ráðherra í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Ráðherrann lét sér fátt um finnast.

Sá sem reyndi að hreyfa málinu var Kristján Pétursson, löggæzlumaður í Keflavík. Hann birti sjálfsævisögu sína *Margir vildu hann feigan* 1990. Þar lýsir hann hermanginu og þá um leið olíumálinu, umfangsmesta fjársvikamáli síns tíma. Framkvæmdastjórinn fékk fangelsisdóm en stjórnarmenn fengu fjársektir. Kristján segir að reynt hafi verið að múta honum til að fella rannsókn málsins niður (bls. 95-97). Hann segir síðan (bls. 98): „Það sem vakti mesta athygli mína var að embættismenn fengu ekki einu sinni áminningu fyrir vanrækslu eða brot í starfi enda þótt stór hluti dómskjala væru áritanir og stimplanir hinna opinberu embættismanna.“ Forstjóri Olíufélagsins sagði síðar við Kristján: „Ef ekki hefðu komið til heimildir, áritanir og stimplar ágætra embættismanna fyrir tollfrelsi þessa ólögmæta innflutnings hefði Olíufélagsmálið aldrei orðið til en sá sem öðrum fremur skipulagði þetta af okkar hálfu slapp þó blessunarlega að mestu fyrir horn á fyrningarreglum okkar ágætu laga.“

Sá sem slapp fyrir horn var einn mesti virðingarmaður Framsóknarflokksins um sína daga, fv. forstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga, utanríkisráðherra og seðlabankastjóri.

Kristján bætir við: „Virðing mín fyrir íslenskum dómstólum beið nokkurt skipbrot.“ Honum var bolað úr starfi.

**Sá sem slapp fyrir horn var einn mesti virðingarmaður Framsóknarflokksins um sína daga, fv. forstjóri Sambands íslenzkra samvinnufélaga, utanríkisráðherra og seðlabankastjóri.**

### Frá helmingaskiptum til hermangs

Þegar Alþingi samþykkti aðildina að Atlantshafsbandalaginu 1949 og síðan varnarsamninginn við Bandaríkin 1951 voru landvarnarsjónarmið lögð til grundvallar. Enginn sá ástæðu til að reyna að leggja mat á fjárhagslegan ávinning og kostnað sem fylgja myndi samstarfinu líkt og margir telja nú brýnt til að geta myndað sér skoðun á hugsanlegri inngöngu Íslands í ESB. Bandaríkjastjórn hafði undirbúið jarðveginn með örlátri Marshall-aðstoð við Íslendinga. Hermangið kom síðar.

Kristján Pétursson lýsir því vel í bók sinni hvernig helmingaskipti Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins voru heimfærð upp á landvist varnarliðsins með aukaaðild Alþýðuflokksins. Lög voru brotin þvers og kruss. Þjóðviljinn hneykslaðist á brotunum, en aldrei kom neitt af þessum málum fyrir dómstóla nema olíumálið. Kannski þurfti Framsóknarflokkurinn að gjalda þess að talsambandið brast aftur milli hans og Sjálfstæðisflokksins 1959 þegar stjórnarskránni var breytt líkt og gerzt hafði 1942 til að jafna atkvæðisréttinn gegn vilja framsóknarmanna. Kristján þakkaði Bjarna Benediktssyni, dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins og síðar forsætisráðherra, að friður fékkst til að ljúka rannsókninni og fara með málið fyrir dóm.

Ekkert af þessu þurfti að koma á óvart. Ég lýsti vandanum svo hér í Fréttablaðinu 26. febrúar 2009: „Lögbrot hafa lengi verið látin viðgangast á Íslandi. Sigurður Nordal prófessor vitnar um vandann í Skírni 1925. Bjarni Benediktsson, síðar forsætisráðherra, ber vitni í einkabréfum 1934 og þannig áfram. Margir vissu, en enginn gerði neitt; þess vegna héldu lögbrotin áfram. Brottkast og löndun fram hjá vigt viðgangast í stórum stíl samkvæmt ítrekuðum frásögnum sjómanna, en lögreglan hefst ekki að. Innherjaviðskipti í bönkunum voru algeng, svo sem vottar munu trúlega staðfesta við rannsóknarnefnd Alþingis og sérstakan saksóknara, en lögreglan horfir í aðrar áttir. Fyrrum bankastjóri Landsbankans hefur árum saman í grein eftir grein í blöðunum borið þungar sakir á nafngreinda bankamenn, en löggan hrýtur.“ Nýjar uppljóstranir RÚV vitna um Fiskistofu sem er viðmóta máttlaus og Fjármálaeftirlitið var fram að hruni.

### Kaup kaups

Lögbrotin sem Sigurður Nordal og Bjarni Benediktsson vitnuðu um ýttu líkt og hermangið síðar undir siðaveiklun stjórnmálastéttarinnar. Ýmislegt annað lagðist á sömu sveif. Vitað var að margir heildsalar og aðrir geymdu umboðslaun o.fl. í útlöndum þótt lögin leyfðu það ekki. Panama-skjölin drógu í fyrra a.m.k. einn slíkan reikning fram í dagsljósið, reikning í eigu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þjóðviljinn hneykslaðist á heildsölunum á sinni tíð, en sjálfstæðismenn kipptu sér ekki upp við það enda sagði Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins 1. júní 2008: „Það hafa komið fram traustar upplýsingar um tengsl sósíalista við Sovétríkin, Austur-Þýzkaland og önnur ríki í Austur-Evrópu. En það mál hefur aldrei verið hreinsað upp, hvorki að því er varðar pólitísk samskipti né fjárhagsleg samskipti. ... ... Úr því að Kjartan Ólafsson [fv. ritstjóri Þjóðviljans] vill fá afsökunarbeiðni vegna símahlerana eigum við þá ekki öll, stríðsmenn kalda stríðsins, að taka höndum saman og óska eftir því að öll gögn verði lögð á borðið?“ Sem sagt: Kaup kaups. Þessi nýgamla saga ratar smám saman inn í bækur sagnfræðinganna eins og t.d. *Líftaug landsins – saga íslenskrar utanlandsverslunar 900-2010* sem er nýkomin út.

Málverkafölsunarmálið var ekki heldur hreinsað upp. Mistök við rannsókn málsins leiddu til þess að um 900 fölsuð málverk eru enn í umferð. Verðhrun á málverkamarkaði leiddi til gríðarlegs eignatjóns í boði lögreglunnar og Alþingis sem leiddi málið hjá sér ef frá er talin tillaga tveggja þingmanna um að þetta megi helzt ekki gerast aftur. Meira næst ...



# Hvað er í pokunum?



Hermann Stefánsson
rithöfundur

Hversu mikið mál er að taka plastpoka úr umferð? Það er sáraeinfalt, maður bara tekur þá úr umferð. En í þróuðu lýðræðissamfélagi getur þetta reynst ofraun. Jafnvel þótt allir séu sammála um að höfin séu að fyllast af plasti og plast sé skaðvaldur, hluti af umhverfisvanda sem ógnar lífi á jörðinni. Fátt geti verið einfaldara en að taka plastpoka úr umferð – ef ekki væri fyrir blessað lýðræðið.

Því fyrst þarf að semja þingsályktunartillögu með hliðsjón af tilskipun frá EES og svo þarf að skipa starfshóp sem mótar tillögur um að draga úr notkun plastpoka. Þingsályktunartillagan kom árið 2015 og starfshópur skilaði skýrslu 2016. Næst þarf að vinna úr þeim tillögum og skipa samráðshóp sem verður „vettvangur fyrir umræðu og eftir atvikum tillögur“ eins og starfshópurinn orðar það. Það þarf að huga að ýmsu, gera aðgerðaáætlun, fara í átaksverkefni, „meta hugsanleg kostnaðaráhrif“, tilgreina „kostunaraðila og ábyrgðaraðila“ og miðla fræðslu sem stuðlar að „vitundarvakningu meðal almennings“. Eða svo fastar sé kveðið að orði: „verslanir verði strax hvattar til að afhenda ekki ókeypis plastpoka“ eins og starfshópurinn feitletrar í skýrslu sinni. Strax! Furðuleg blanda af ákafa og hangandi haus: „Aðgerðaáætlun strax!“ Báknið burt! – að uppfylltum stjórnsýslulegum skilyrðum. Út með spillinguna – skoðum verkferla!

Starfshópurinn feitletrar að Umhverfisstofnun leggi áherslu á að verkefnið verði „unnið í nánu [svo] samvinnu við haghafa [svo?] og með góða og jákvæða kynningu í huga“. Hvað eru annars „haghafar“? Líklega það sama og hagsmunaaðilar. Því í lýðræði þurfa mál að fara til umsagnar. Samráð skal haft við hagsmunaaðila. Það þarf að hafa grenndarkynningu á öskuhaugum, plasteyjurnar verða að falla að rammaáætlun. Svo þarf að ræða þetta. Strax. Þess vegna taka hlutirnir svona langan tíma.

Austurríki hefur bannað plastpoka. Er þetta ekki skelfilegt vesen fyrir neytendur? Nei, maður kaupir sér bara bréfpoka eða kemur með taupoka. Var málið lengi í vinnslu? Ekki sérstaklega, þetta var ekki mikið afrek, eiginlega bara nauðaeinföld innleiðing á Evrópureglugerð. Kenýa bannaði líka plastpoka á dögunum og þar varðar háum fjársektum og allt að fjögurra ára fangelsi að brjóta gegn banninu. Í Kenýa er samkynhneigð reyndar líka ólögleg og refsiverð með fjórtán árum í fangelsi. Í þannig ríki er nauðaeinfalt að banna hvað sem helst. Á Íslandi þurfa málin að fara í farveg. Enginn velkist í vafa um að rétt eins og vísindamenn keppast við að segja stefni mannkyn fram af hengiflugi. Eins og bátur fram af fossi. En þó má alla vega dunda sér við að skoða í pokann um borð. Þeir eru fullir af nefndarálitum sem fjalla um að afstýra þurfi umhverfishamförum, að setja verði málið fyrst í aðra nefnd sem skipar starfshóp sem skipar samráðshóp sem gerir aðgerðaáætlun að höfðu samráði við haghafa strax.









# Biðstofa dauðans!



Guðrún Matthíasdóttir
kennari

Mamma lést á Vífilsstöðum 2. janúar á þessu ári. Á þeim tíma hafði inflúensa og nóróveiki herjað á spítalanum í nokkrar vikur. Af þessum sökum var móðir mín í einangrun vikum saman og allar heimsóknir til hennar bannaðar.

Nokkrum dögum áður en mamma lést var hringt í okkur og tilkynnt að við fengjum undanþágu og gætum komið í heimsókn þar sem hún ætti aðeins nokkra daga eftir ólifaða.

Aðkoman á Vífilsstöðum var hræðileg. Ég mun aldrei gleyma því sem blasti við þegar dyrnar á herberginu voru opnaðar. Á móti mér kom mikil skítalykt sem ég finn stundum enn þann dag í dag. Mamma og önnur kona voru í rúmum upp við sitt hvorn vegginn. Höfuð þeirra lágu saman með litlu borði á milli. Á miðju gólfi var nútíma „kamar“. Stóll með gati þar sem koppurinn var geymdur. Eina salernin sem eru í boði á Vífilsstöðum eru frammi á gangi. Þessar tvær yndislegu konur þurftu að lifa í einangrun í þessu litla, lokaða og óvistlega herbergi vikum saman. Aðstaða sem engum yrði boðið upp á í dag nema gamla fólkinu.

Mamma átti bara að dvelja á Vífilsstöðum í stuttan tíma eða þangað til hún fengi pláss á hjúkrunarheimili. Biðin varð löng eða þangað til hún lést og fékk pláss hjá Guði.

Mig grunar að á tímabilinu frá nóvember 2016 til loka janúar 2017 hafi um 20 til 30 manns látist á Vífilsstöðum. Ítrekaðar tilraunir til að fá upplýsingar um dauðsföll á þessu tímabili hafa ekki borið árangur. Allir sem talað var við kváðust ekki mega eða geta gefið þessar upplýsingar og vísuðu á einhvern annan.

Eftir að mamma dó hrundi pabbi og lést á Landspítalanum 23. október sl., 93 ára að aldri. Hann var hraustmenni alla ævi og varð hissa þegar hann lenti í fyrsta skipti inn á spítala, reiknaði ekki með að geta veikst. Nýrun voru ónýt og blöðruhálskirtilskrabbamein komið í beinin. Það var ekkert hægt að gera fyrir hann og okkur sagt að hann ætti eftir nokkrar vikur eða mánuði.

Næsta skref var að finna hjúkrunarheimili þar sem hann fengi að eyða síðustu dögum ævi sinnar. Það var hvergi pláss í Reykjavík þannig að eina sem var í boði var að flytja hann til Akraness. Þegar faðir minn frétti þetta brotnaði hann endanlega saman og sagðist frekar vilja deyja. Ég sá enga aðra lausn en að fara í launalaust frí og hugsa um föður minn í heimahúsi. Eftir langt samtal við lækni gerði ég mér grein fyrir því að mig skorti kunnáttu og aðstöðu til þess að hjúkra föður mínum þannig að honum liði vel.

> **Ég hef bæði talað við ráðherra og þingmenn um þetta neyðarástand. Fæ alltaf sama svarið, að þetta sé á margra ára áætlun. Við getum ekki beðið í mörg ár, það þarf að taka á þess núna.**

Á laugardegi talaði systir mín lengi við pabba eða þar til hann virtist geta sætt sig við að fara til Akraness. Við lofuðum að koma og heimsækja hann á hverjum degi. Á mánudagsmorgun kom ég upp á spítala til þess að fara með honum í sjúkrabílnum upp á Akranes. Fór ekki beint inn til hans heldur beið frammi á gangi þangað til læknirinn kom. Vildi vita nákvæmlega hvenær sjúkrabíllinn kæmi áður en ég hitti pabba. Pabbi yfirgaf þennan heim á meðan ég beið á ganginum. Mér var sagt að hann hefði opnað augun, brosað og farið svo að sofa. Pabbi vaknaði aldrei aftur, hafði ákveðið að fara ekki til Akraness. Það var ekki pláss fyrir hann á hjúkrunarheimili í Reykjavík en það var pláss hjá Guði þar sem mamma beið hans.

Ástæðan fyrir því að ég ákvað að skrifa um þessa reynslu fjölskyldunnar er að við getum ekki lokað augunum fyrir því hvernig aldraðir ástvinir okkar þurfa að eyða síðustu dögum ævi sinnar. Pabbi bjó í Reykjavík í 93 ár, byrjaði að borga skatta og útsvar 14 ára gamall og það var ekki pláss fyrir hann á hjúkrunarheimili í Reykjavík þegar hann að lokum þurfti á því að halda. Að meðaltali eru 90 eldri borgarar á Landspítalanum sem bíða eftir plássi á hjúkrunarheimilum og um 100 í heimahúsum. Ástandið er einnig mjög slæmt í öðrum sveitarfélögum.

Ég hef bæði talað við ráðherra og þingmenn um þetta neyðarástand. Fæ alltaf sama svarið, að þetta sé á margra ára áætlun. Við getum ekki beðið í mörg ár, það þarf að taka á þessu núna.

Ég veit að margir geta sagt svipaða sögu og vil ég hvetja fólk til að taka höndum saman, segja frá sinni reynslu og koma ráðamönnum í skilning um það neyðarástand sem ríkir. Það er eins og þeir átti sig ekki á því að þeir eiga eftir að eldast líka. Það er okkar skylda að hugsa vel um aldraða og búa þannig um hnútana að þeir geti lifað mannsæmandi lífi síðustu ár, mánuði, vikur og daga ævinnar sem þeir eyða með okkur í þessum heimi.

# Stígamót veiti fötluðum brotaþolum þjónustu eða skili fjármagninu



Snæbjörn Áki Friðriksson
formaður Átaks



Helga Baldvins- og Bjargardóttir
lögfræðingur og þroskaþjálfi

Í mars 2014 tóku Stígamót sannkölluð tímamótaskref í þjónustu við fatlaða brotaþola kynferðisofbeldis. Þá var ráðinn inn starfsmaður með sérþekkingu á fötlun til að mæta betur þörfum fatlaðra brotaþola og gera Stígamót aðgengilegri. Fyrir þetta fengu Stígamót ýmsar viðurkenningar á borð við Múrbrjótinn, viðurkenningu Landssamtakanna Þroskahjálpar fyrir að brjóta niður múra gagnvart fötluðu fólki á þessu sviði.

Undirrituð gegndi því starfi fram til október 2016. Starfið var svo auglýst í mars á þessu ári og sótti þar um ein hæfasta fatlaða konan á þessu sviði til að sinna ráðgjöf við fatlaða brotaþola og fræðslu um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Stígamót treystu sér ekki til að vinna með þeirri baráttukonu þrátt fyrir að viðurkenna að hún væri sú hæfasta í starfið. Þess í stað var tekin sú ákvörðun að leggja starfið niður í þeirri mynd en taka frekar upp notendaráð sem einhvers konar samráðsvettvang fyrir hagsmunasamtök fatlaðs fólks til að koma að stefnumótun Stígamóta. Nú hefur verið ákveðið að leggja þetta notendaráð niður vegna samstarfsörðugleika.

Samkvæmt skilningi okkar greinarhöfunda fengu Stígamót að halda fjármagninu úr Kristínarhúsi til að geta ráðið inn karlmann til að mæta betur karlkyns brotaþolum og svo manneskju með sérþekkingu á fötlunum, mismunun og jaðarsetningu til að mæta betur fötluðum brotaþolum.

Undirritaður er formaður Átaks, félags fólks með þroskahömlun, og vill hrósa Stígamótum fyrir flottan fyrirlestur um ofbeldi gagnvart fötluðu fólki sem haldinn var þann 4. september síðastliðinn. Hins vegar verður að benda á að nú er enginn sérhæfður stuðningur við fatlaða brotaþola kynferðisofbeldis á Stígamótum og er það mjög alvarleg staða.

Stígamót eru burðug samtök með 11 starfsmenn. Til samanburðar má nefna að í Barnahúsi starfa sjö starfsmenn og á kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgasvæðinu starfa að jafnaði 1-7 starfsmenn eftir því hvort starfsmenn hennar eru kallaðir út til annarra verkefna eða ekki.

> **Fatlað fólk verður fyrir margfalt meira ofbeldi en ófatlað fólk og kynferðisofbeldi er þar engin undantekning. Á sama tíma er sérhæfður stuðningur fyrir fatlaða brotaþola af mjög skornum skammti og lítill sem enginn nú þegar ekki var ráðið aftur í stöðuna sem því var ætlað á Stígamótum.**

Fatlað fólk verður fyrir margfalt meira ofbeldi en ófatlað fólk og kynferðisofbeldi er þar engin undantekning. Á sama tíma er sérhæfður stuðningur fyrir fatlaða brotaþola af mjög skornum skammti og lítill sem enginn nú þegar ekki var ráðið aftur í stöðuna sem því var ætlað á Stígamótum. Við gerum þá kröfu að Stígamót ráði til sín fatlaðan eða sérhæfðan ráðgjafa til að sinna ráðgjöf við fatlaða brotaþola eða skili því fjármagni sem hugsað var til að mæta þessari þörf, því þörfin er vissulega mikil.

# Skiptastjóri í klandri?



Skúli Gunnar Sigfússon
athafnamaður

Sveinn Andri Sveinsson, hrl. og skiptastjóri í þrotabúi EK 1923 ehf., gerir í aðsendri grein í Fréttablaðinu hinn 17. nóvember 2017 athugasemdir við þá staðreynd að undirritaður og fleiri hafa sent héraðssaksóknara kæru þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við starfshætti Sveins Andra sem skiptastjóra í þb. EK 1923.

Grein sína skrifar Sveinn Andri undir því yfirskyni að hann sé að koma á framfæri óbrengluðum upplýsingum um efni kæra sem hann hafi sent héraðssaksóknara. Þá heldur hann því fram að þeim sem hafa gert svo alvarlegar athugasemdir við þau störf, sem hann hefur þegar innt af hendi, gangi það eitt til að leggja stein í götu hans og bera hann röngum sakargiftum. Því er hafnað.

Lögmenn bera ábyrgð á störfum sínum sem skiptastjórar og opinberir sýslunarmenn og ættu að vera óhræddir við að gera héraðssaksóknara grein fyrir starfsháttum sínum í stað þess að brigsla þeim um rangar sakargiftir sem gera við þá réttmætar athugasemdir. Hvað opinbera sýslunarmenn varðar eru mörk tjáningarfrelsis einstaklinga gagnvart þeim rýmri en t.d. þegar opinberir sýslunarmenn tjá sig um málefni einstaklinga. Hvað undirritaðan varðar koma ásakanir frá Sveini Andra um að hann sé borinn röngum sakargiftum úr hörðustu átt.

**Alvarlegar athugasemdir**

Í greininni er látið hjá líða að nefna að kæra undirritaðs vegna starfa skiptastjóra byggir á alvarlegum athugasemdum sem opinberir aðilar hafa gert við störf Sveins Andra í þessu máli. Um er að ræða annars vegar Héraðsdóm Reykjavíkur, sem skipaði Svein Andra skiptastjóra, og hins vegar siðanefnd lögmanna. Í niðurstöðu nýlegs úrskurðar siðanefndar lögmanna segir að sú háttsemi Sveins Andra sé aðfinnsluverð að ítreka kröfur á hendur félögunum Stjörnunni og Sjöstjörnunni um greiðslu fjárskuldbindinga, með tilvísun til þess að yrðu þær ekki greiddar yrðu fyrirsvarsmenn þessara félaga kærðir til embættis héraðssaksóknara, þegar honum mátti vera ljóst að kröfurnar væru umþrættar og félögin hygðust verjast þeim fyrir dómi. Það eru þessi vinnubrögð sem Sveinn Andri reyndi að réttlæta með því kalla þau í grein sinni „sáttaboð“ en ekki þvinganir. Að mati siðanefndar lögmanna voru þetta hins vegar þvinganir en ekki sáttaboð.

Í grein sinni leggur hinn opinberi sýslunarmaður, Sveinn Andri, sig allan fram um að sverta æru undirritaðs og gera lítið úr honum. Staðreyndavillur eru einnig í greininni, m.a. farið rangt með fjárhæðir. Ekki er þó unnt í svo stuttri grein að elta ólar við allar villur í framsetningu Sveins Andra. En meginatriðið er alvarleg gagnrýni á störf Sveins Andra sem skiptastjóra og um leið opinbers sýslunarmanns. Veldur sá sem á heldur. Í greininni upplýsir Sveinn Andri að kröfuhafar hafi hvatt hann til að velta við hverjum steini þar sem grunur væri til staðar um að eigandi félagsins hefði „hreinsað það að innan“. Þótt óumdeilt sé að skiptastjóra beri að gæta hagsmuna þrotabús og láta reyna á réttmæti fjárkrafna snýst skiptastjórn ekki um sakfellingu eigenda eða fyrirsvarsmanna. Slíkar rannsóknir eru ekki á borði skiptastjóra.

Í úrskurði siðanefndar lögmanna er eftirfarandi haft eftir Sveini Andra: „Byggir kærði [SAS] á að svo lengi sem sú refsiverða háttsemi sem skiptastjóra grunar að hafi farið fram sé ekki þeim mun alvarlegri hafi skiptastjóri hiklaust svigrúm til að taka þá ákvörðun að semja um til dæmis málalok sem leiða til meiri heimtu og fullnustu krafna þeirra kröfuhafa sem lýst hafa kröfu í þrotabú. Kveður kærði að þessi túlkun sé í samræmi við framgang mála hjá héraðssaksóknara, áður embætti sérstaks saksóknara.“ Með öðrum orðum telur Sveinn Andri að hann geti notað tilkynningar um mögulega refsiverða háttsemi sem skiptimynt í störfum sínum. En bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og siðanefnd lögmanna eru á öndverðum meiði og hafa gert athugasemdir við þá starfshætti hans.

**Þvingunaraðgerðir**

Staðreyndin er sú að allar fjárkröfur sem þb. EK 1923 hefur uppi fyrir dómstólum beinast að lögaðilum, en ekki þeim þremur einstaklingum sem Sveinn Andri kærði til héraðssaksóknara, eftir að fyrrgreindir lögaðilar höfnuðu að greiða um 36 milljóna króna kröfu þrotabúsins og kusu að taka til varna. Í ljósi þessa og athugasemda bæði Héraðsdóms Reykjavíkur og siðanefndar lögmanna við starfshætti skiptastjóra vöknuðu spurningar um hvort skiptastjóri hefði með þvingunaraðgerðum sínum einnig gerst brotlegur við almenn hegningarlög. Sveinn Andri getur ekki með réttmætum hætti kvartað undan því að þeir, sem hann hefur ráðist á í krafti stöðu sinnar sem opinber sýslunarmaður, kjósi að spyrja til þess bær yfirvöld um réttmæti þessara starfshátta hans.

Vera kann rétt hjá Sveini Andra að kröfuhafar í þb. EK 1923 séu hæstánægðir með störf hans og þann mikla kostnað sem hlýst af þeim, sem þegar er talinn í tugum milljóna. Siðanefnd lögmanna telur hins vegar ekki að tilgangurinn helgi meðalið og ánægja kröfuhafa kann að fara dvínandi í takt við vaxandi óþarfa kostnað.






Stadler Form
Rakatæki
Eva

Öflugt, hljóðlátt og stílhreint. Utanáliggjandi rakaskynjari sem virkar líka sem fjarstýring. Vatnstankur tekur 6,3 lítra. Hægt að velja kalda eða heita gufu.

Jólaverð:
18.900 kr.
Fullt verð: 23.900 kr.



SIEMENS
Uppþvottavélar
SN 457S01IS, iQ500
SN 457W01IS, iQ500

13 manna. Sjö kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting. Hljóð: 44 dB. „aquaStop"-flæðivörn.

Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



BOSCH
Þvottavél
WAN 2828SSN, Serie 4

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Mjög stutt kerfi (15 mín.).

Jólaverð:
87.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



SIEMENS
Espressó-kaffivél
TE 607203RW

Glæsileg vél sem bruggar og útbýr ýmsa kaffidrykki. Þrýstingur: 19 bör. Kaffikvörn úr keramík. Flóar mjólk sjálfvirk.

Jólaverð:
127.900 kr.
Fullt verð: 169.900 kr.



BOSCH
Töfrasproti
MSM 67170

750 W. Hljóðlátur og kraftmikill. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.

Jólaverð:
8.900 kr.
Fullt verð: 11.900 kr.



BOSCH
Gufustraujárn
TDA 30EASY

Öflugt, 2400 W. Góður sóli. Gufuskot: 180 g/mín. Slekkur sjálfkrafa á sér þegar handfangi er sleppt.

Jólaverð:
11.900 kr.
Fullt verð: 15.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## FH-ingar endurheimtu toppsætið í Olís-deildinni



**Skot og mark** Ísak Rafnsson, stórskytta og varnarmaður FH, skorar fyrir sína menn í leik á móti Stjörnunni í gærkvöldi sem FH-ingar unnu nokkuð auðveldlega. Eftir tvo tapleiki í röð komust Hafnfirðingarnir aftur á sigurbraut og endurheimtu toppsætið af Val sem Hlíðarendamenn hirtu í síðustu umferð. Valur á aftur á móti leik til góða en ellefta umferðin hófst með tveimur leikjum í gær þar sem ÍBV vann svo Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ég vildi alltaf fara í Víking

Sölvi Geir Ottesen skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Víking en hann lék síðast með félaginu fyrir rúmum þrettán árum. Hann er afar hamingjusamur með að vera kominn heim eftir langan feril.

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildarlið Víkings fékk mikinn liðsstyrk í gær er varnarmaðurinn Sölvi Geir Ottesen sneri aftur heim í Víkina eftir þrettán ár í atvinnumennsku.

„Mér líður rosalega vel að vera kominn heim. Þetta er búinn að vera langur tími erlendis og ég er bara virkilega feginn að vera kominn heim,“ segir Sölvi Geir brosmildur en hann skrifaði undir þriggja ára samning við Víkinga. Sá samningur tekur gildi um áramótin er samningur hans í Kína rennur út.

Sölvi Geir hefur spilað 29 landsleiki og hefur víða komið við á ferlinum. Er hann fór frá Víkingi árið 2004 fór hann fyrst til Djurgården í Svíþjóð. Þaðan lá leiðin yfir til Danmerkur þar sem hann spilaði með SönderjyskE og FC København.

Svo byrjaði ævintýramennskan. Árið 2013 samdi Sölvi við rússneska félagið Ural og þar lék hann í tvö ár áður en hann tók tilboði frá Jiangsu Sainty í Kína. Hann er búinn að vera í Asíu síðan og er nú að klára samning hjá Guangzhou R&F. Þó að hann sé enn samningsbundinn félaginu er tímabilinu lokið og hann þarf ekki að fara aftur út.

**Kannski síðasti samningurinn**

„Ég veit ekki hvort þetta er minn lokaáfangastaður á ferlinum en ef ég klára þennan samning þá verð ég orðinn 36 ára gamall. Það gæti því vel verið að þetta sé minn síðasti samningur. Ég hef ekkert pælt í því hvenær ég ætla að hætta og ætla bara að hlusta á líkamann. Ég er í fínu standi núna og finnst ég eiga nóg inni. Ég er þar af leiðandi ekkert að hugsa um endalokin í þessu,“ segir Sölvi Geir.

Stóru liðin hér á landi reyndu eðlilega að fá hann í sínar raðir en Sölvi endaði þar sem hann vildi vera.

„Ég var búinn að ræða við Víkinga áður en ég fór síðast til Kína og fara yfir málin með þeim. Ég vildi alltaf fara í Víking og þangað leitaði hugurinn. Þetta snerist bara um að ná saman og það heppnaðist allt saman,“ segir Sölvi, en hvað telur hann að Víkingur geti gert á komandi árum?

**Stefna á Evrópukeppni**

„Það er metnaður hjá félaginu að gera betur en síðustu ár og setja stefnuna á Evrópusæti. Við styrkjum okkur vonandi enn frekar á næstunni.“



Sölvi er kominn heim í Víking og býr rétt hjá Víkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Varnarmaðurinn sterki er tveggja barna faðir og hefur verið mikið fjarverandi frá börnunum sökum vinnu sinnar í Asíu og leynir því ekki að tilfinningin að vera alkominn heim sé ákaflega góð.

„Tilfinningin er rosalega góð og ég hef getað undirbúið mig lengi að koma heim. Það er allt eins og ég hafði ímyndað mér það. Gott að koma heim til allra og ekki verra að ég bý hérna við hliðina á Víkinni. Ég get labbað á æfingar og sparað mér bensínkostnaðinn,“ segir Sölvi léttur og hlær dátt.

henry@frettabladid.is




## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍBV - Fram 31-24**

**ÍBV**: Kári Kristján Kristjánsson 12/1, Sigurbergur Sveinsson 6, Agnar Smári Jónsson 4, Róbert Aron Hostert 4, Theodór Sigurbjörnsson 2, Grétar Þór Eyþórsson 2, Andri Heimir Friðriksson 1..

**Fram**: Andri Þór Helgason 5, Sigurður Örn Þorsteinsson 4, Arnar Birkir Hálfdánsson 4, Bjartur Guðmundsson 3, Valdimar Sigurðsson 3, Matthías Daðason 3/2, Guðjón Andri Jónson 2.

**FH - Stjarnan 30-27**

**FH**: Einar Rafn Eiðsson 8/6, Ásbjörn Friðriksson 5, Jóhann Karl Reynisson 5, Óðinn Þór Ríkharðsson 4, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Arnar Freyr Ársælsson 3, Ísak Rafnsson 1.

**Stjarnan**: Aron Dagur Pálsson 7, Andri Hjartar Grétarsson 4, Leó Snær Pétursson 4, Sigurður Egill Karlsson 3, Starri Friðriksson 2, Gunnar V. Johnsen 2, Birgir Steinsson Jónsson 2, Bjarki Már Gunnarsson 1, Garðar B. Sigurjónsson 1, Hörður Örvarsson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 18 | ÍR | 8 |
| Valur | 17 | Fram | 8 |
| ÍBV | 16 | Afturelding | 7 |
| Haukar | 15 | Grótta | 4 |
| Selfoss | 12 | Fjölnir | 3 |
| Stjarnan | 11 | Víkingur | 3 |

### Domino's-deild kvenna

**Stjarnan - Haukar 76-75**

**Stjarnan**: Danielle Victoria Rodriguez 26/13 fráköst/7 stoðsendingar, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 15/11 fráköst, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 13/14 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 13/7 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 5/4 fráköst, Jenný Harðardóttir 4.

**Haukar**: Cherise Michelle Daniel 19/4 fráköst/6 stoðsendingar/3 varin skot, Helena Sverrisdóttir 19/20 fráköst.

**Skallagr. - Njarðvík 86-79**

**Skallagrímur**: Carmen Tyson-Thomas 47/13 fráköst/6 stoðsendingar, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19/10 fráköst/6 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 12/4 fráköst.

**Njarðvík**: Shalonda R. Winton 35/17 fráköst, Björk Gunnarsdótir 9/4 fráköst, Hrund Skúladóttir 8/5 fráköst, Ína María Einarsdóttir 8.

**Keflavík - Snæfell 100-91**

**Keflavík**: Brittanny Dinkins 35/12 fráköst/13 stoðsendingar, Thelma Dís Ágústsdóttir 27/12 fráköst/5 stoðsendingar, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 22, Þóranna Kika Hodge-Carr 6.

**Snæfell**: Kristen Denise McCarthy 50/6 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 17/8 fráköst, Anna Soffía Lárusdóttir 10, Sara Diljá Sigurðardóttir 8/5 fráköst.

**Breiðablik - Valur 74-72**

**Breiðablik**: Ivory Crawford 23/5 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 13/4 fráköst/5 stoðsendingar, Auður Íris Ólafsdóttir 11/7 fráköst, Lovísa Falsdóttir 9, Marín Laufey Davíðsdóttir 8, Isabella Ósk Sigurðardóttir 7/10 fráköst, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 3, Telma Lind Ásgeirsdóttir 0/5 fráköst/6 stolnir

**Valur**: Alexandra Petersen 25/10 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 13, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 12/10 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 9/14 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 4, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 3/8 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 12 | Keflavík | 8 |
| Stjarnan | 10 | Snæfell | 6 |
| Haukar | 10 | Breiðablik | 6 |
| Skallagrímur | 10 | Njarðvík | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.55 | Lazio - Vitesse | Sport 3 |
| 17.55 | Köln - Arsenal | Sport |
| 20.00 | Maccabi - S. Prag | Sport 2 |
| 20.00 | Everton - Atalanta | Sport |

Svartur föstudagur
20% afsláttur af öllum vörum
fimmtudag og föstudag

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk
Frugt
399 kr. pk.
Lífrænar klementínur 750 g, Spánn
Klementínur 950 g, Spánn
399 kr. pk.
Clementinen
Ódýrt
CAL./SIZE
L
CLEMENTINA I
Klementínur 2,3 kg, Spánn
699 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 27. nóvember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN






**Nýtt!**

17 sortir smákökudeig, 500 g

**949** kr. pk.




Jóla brúnkökudeig/ speciudeig 250 g

**389** kr. pk.

**Ódýrt**




Smákökudeig, súkkulaðibita, lakkrís, hvítt súkkulaði, 300 g

**389** kr. pk.

Smákökudeig, kókos, engifer, piparköku, 300 g

**239** kr. pk.

# KRÓNAN



-25%

**1269** kr. kg

Stjörnugrís Sænsk Jólaskinka

**Verð áður ~~1699~~ kr. kg**





-20%

**3199** kr. kg

Ungnauta steikur sérmeyrnað, Írland

**Verð áður ~~3999~~ kr. kg**



**3699** kr. kg

Ísfugl Kalkúnabringa fersk





**Íslensk þakkargjörð**

Kalkúnabringa með salvíusmjöri

**3599** kr. kg

Kalkúnn ferskur

**1998** kr. kg

# KRÓNAN



Ódýrt

Súkkulaði jóladagatal

**149** kr. stk.



Ódýrt

1711 kr. kg




Dumle karamellur, 350 g

**599** kr. pk.




Appolo lakkrís konfekt, 700 g

**760** kr. pk.




Ódýrt

1094 kr. kg

**875** kr. pk.

After Eight 800 g

BETRIBILAKAUP.iS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna!

**2018 Volvo XC90 T8**

*Hannaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann!*

*Afhendingartími 3-5 mánuðir*



Verð frá 7.390.000 kr.

**2018 Volvo XC60 T8**

*Allir aukahlutir á frábæru verði!*

*Afhendingartími 3-5 mánuðir*



Verð frá 7.050.000 kr.

Sparaðu og pantaðu beint frá verksmiðju!



2017 Mitsubishi Outlander PHEV

*4x4 Fullkominn fyrir íslenskar aðstæður*

Verð frá 3.960.000 kr.



2017 BMW 330e

*Ódýrasti lúxusinn sem völ er á*

Verð frá 4.900.000 kr.



2017 Nissan Leaf Tekna+

*Á staðnum*

Verð frá 3.530.000 kr.



2017 Kia Optima

*Plug In Hybrid*

*50 km á hleðslunni*

Verð frá 3.990.000 kr.



2016 Volvo XC90 T8

*Plug In Hybrid*

*AWD*

Verð frá 7.050.000 kr.



2016 BMW X5 xdrive40e

*Glæsilegur að innan sem utan*

Verð frá 6.890.000 kr.

Velkomin í reynsluakstur!

Ármúla 4-6, Reykjavík|Firðinum, Hafnarfirði

511 2777 | sala@betribilakaup.is

www.facebook.com/



# Opnar allan heiminn

**Bríet Bragadóttir varð í vikunni fyrsta íslenska konan sem verður FIFA-dómari. Hún hefur stefnt að þessu markvisst undanfarin fjögur ár. Nú vill hún fá fleiri íslenskar konur með sér inn í dómgæsluna og dreymir um íslenskt kvennateymi.**

**FÓTBOLTI** Bríet Bragadóttir hefur tekið tvö söguleg skref í íslensku knattspyrnudómarasögunni á árinu 2017. Í september varð hún fyrsta konan sem dæmir bikarúrslitaleik og í þessari viku varð hún fyrsta konan sem fær alþjóðleg réttindi sem FIFA-dómari. Bríet varð sjálf að hætta að spila fótbolta vegna meiðsla en nú sex árum síðar er hún komin alla leið í hóp bestu dómara heims og gæti átt bjarta framtíð með flautuna.



**Bríet Bragadóttir verður FIFA-dómari á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Gæti átt tuttugu ára feril

„Þetta er búið að vera fjögurra ára ferli. Hvert land hefur pláss fyrir að minnsta kosti einn FIFA-dómara af hvoru kyni. Það var engin kona og þegar ég var 21 árs þá byrjaði pælingin um hvort þetta væri eitthvað sem ég myndi vilja stefna að. Í september á þessu ári þá spurðu þau á KSÍ hvort þau mættu tilnefna mig,“ segir Bríet um aðdragandann að útnefningunni. Hún er 25 ára gömul í dag og má samkvæmt reglum Alþjóðaknattspyrnusambandsins dæma til ársins 2038.

„Vonandi á ég mörg ár eftir. Þeir leyfa manni að vera þangað til maður verður 45 ára. Ég er bara rétt að byrja núna þannig að ef allt gengur vel þá getur maður átt tuttugu ára feril,“ segir Bríet. Útnefningin opnar nýjan heim fyrir hana.

„Þetta opnar miklu fleiri tækifæri fyrir mig. Ég er búin að vera að fara á ýmis æfingamót í gegnum KSÍ en núna fer ég að dæma fyrir FIFA og það opnar allan heiminn fyrir mér,“ segir Bríet.

### Lokamarkmið er HM, EM eða ÓL

„Fyrsta markmiðið er að fá að dæma A-landsleik. Það er næsta markmið en lokamarkmiðið er að fá að fara á stórmót og þá er ég að tala um HM, EM eða Ólympíuleikana,“ segir Bríet. Það er ekki mikið hægt að kvarta yfir þessu ári hjá henni.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og krefjandi ár. Það var æðislegt að geta endað það á að dæma úrslitaleik Borgunarbikarsins sem er það stærsta sem maður gerir hér á landi. Það var frábært að ná því áður en maður fer inn á alþjóðlegan lista,“ segir Bríet.

Það er krefjandi starf að vera dómari en hvað ætli henni þyki erfiðast?

„Það er erfiðast að leyfa sjálfum sér að vera mannlegur og leyfa sjálfum sér að gera mistök. Við erum bara mannleg og það verða einhver smávægileg mistök í hverjum einasta fótboltaleik. Þá er bara að finna leið til að fyrirgefa sjálfum sér að mistökin hafi verið gerð og geta mætt í næsta leik og borið höfuðið hátt til að takast á við næsta verkefni,“ segir Bríet. Hún þarf væntanlega að horfa mikið á fótbolta til að halda sér við yfir vetrartímann.

### Ekki of mikið af fótbolta

„Ég reyni að takmarka það þó að það sé áhugamálið. Það er svo mikið annað í gangi í lífinu sem þarf að sinna. Ég horfi frekar á atvik og reyni þá að pæla frekar frá dómarahliðinni. Ég er þá að horfa á klippur sem FIFA og UEFA eru að gefa út. Það koma líka allskonar myndbönd á netinu af mistökum dómara og það er gott að horfa á þau og sjá hvað gerðist og hvað hefði verið hægt að gera öðruvísi,“ segir Bríet.

Hún hefur orðið vör við það að stelpurnar í Pepsi-deildinni koma aðeins öðruvísi fram við hana í dag en þegar hún kom fyrst inn í deildina.

„Maður græðir alltaf á því, verandi kona, að hafa spilað kvennafótbolta. Það hjálpar mér að dæma kvennafótbolta eins og ég vil að það sé gert. Ég held að þær virði mig fyrir það,“ segir Bríet.

> Ég er bara rétt að byrja núna þannig að ef allt gengur vel þá getur maður átt tuttugu ára feril.
>
> Bríet Bragadóttir

### Gefur mér ótrúlega mikið

Bríet hrósar KSÍ fyrir að hafa sett hana í mörg verkefni með öðrum kvendómurum frá öðrum löndum sem hafa gefið henni góð ráð. „Konur sem hafa náð miklu lengra heldur en ég í dómgæslunni geta sagt mér frá því hvernig þetta var fyrir þær. Það er frábær hvatning að fá að hitta einhvern sem er búinn að ná öllum þeim markmiðum sem mig langar síðan að ná síðar meir. Það gefur mér ótrúlega mikið,“ segir Bríet.

Hún leggur mikla áherslu á það að vera í góðu formi. „Þeir eru að grínast með það í vinnunni að ég sé bara orðin atvinnumanneskja. Maður æfir bara fimm sinnum í viku og við fylgjum bara eftir prógrammi frá KSÍ,“ segir Bríet og bætir við: „Lykilatriði í dómgæslu er að vera rétt staðsettur og þú getur ekki verið rétt staðsettur ef þú ert ekki í nógu góðu formi,“ segir Bríet.

Hún starfar sem sjúkraþjálfari. „Einhvern tímann fékk ég athugasemd um að vinsamlegast hætta að vera sjúkraþjálfari á meðan ég væri dómari. Sinna bara mínu starfi,“ segir Bríet í léttum tón.

Markmiðin í framtíðinni eru ekki bara erlendis. Stefnir hún ekki líka á það að fá að dæma í Pepsi-deild karla? „Jú, algjörlega. Mér hefur verið sagt að það sé raunhæfur möguleiki fyrir mig ef ég held rétt á spöðunum, held mér áfram í góðu formi og held áfram að standa mig. Ég sé það alveg fyrir mér á næstu árum,“ segir Bríet.

### Vill fleiri íslenskar stelpur

Hún vill líka sjá fleiri íslenskar konur í dómgæslu „Það skiptir mig bara persónulega máli. Ég er með aðstoðardómara, hana Rúnu Kristínu (Stefánsdóttur) sem er alveg frábær. Til að vera með fullt tríó og eins og í sumum leikjum þar sem þarf fjóra, þá vantar mig íslenskar stelpur til að koma inn í mitt lið. Vonandi í framtíðinni geta þær farið með mér út og tekið þátt í að ná þessum markmiðum sem ég er að stefna að. Það er leiðinlegt að þurfa að leita til annarra landa eftir dómurum,“ segir Bríet.

Hver veit nema að við sjáum fjögurra manna íslenskt kvendómarateymi á A-landsleik í næstu framtíð. „Það væri draumur,“ segir Bríet að lokum. ooj@frettabladid.is

# Fólk
## Tíska

FIMMTUDAGUR 23. NÓVEMBER 2017



Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í a.m.k. þrjár klukkustundir.

# Clear eyes augndropar loksins á Íslandi

Vinsælu augndroparnir frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum eru loksins fáanlegir á Íslandi. Augndroparnir heita Cleye á Íslandi en innihalda það sama og hafa sömu virkni og Clear eyes augndroparnir sem margir þekkja frá Bandaríkjunum. Fást án lyfseðils í apótekum. →2



**Fatastíll Illuga Steingrímssonar körfuboltamanns þróast helst í takt við vini hans og umhverfi.** →6

Miðvikudagur 22. nóv. - sunnudagur 26. nóv.
SUPER DAYS
20%
afsláttur af öllum vörum. Gildir ekki á tilboðsvörum.
comma,
SMÁRALIND

Í mörg ár hafa Íslendingar þekkt Clear eyes augndropana og tekið þá heim með sér frá Bandaríkjunum. Nú eru þeir í fyrsta sinn fáanlegir í íslenskum apótekum undir heitinu Cleye. Cleye augndroparnir frá Clear eyes eru eina lyfið á Íslandi við roða og ertingu í augum.

### Cleye frá Clear eyes við rauðum augum og ertingu í augum

„Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Droparnir eru notaðir við vægum roða og ertingu í augum sem stöku sinnum kemur fram." Cleye droparnir frá Clear eyes eru fljótir að verka, verkun byrjar innan mínútu og endist í a.m.k. þrjár klukkustundir.

### Rauð og ert augu

Það kemur fyrir að augnhvítan verður rauð, til dæmis vegna þreytu eða álags og þá geta Cleye augndropar frá Clear eyes hjálpað. Augndroparnir slá einnig á ertingu í augum sem oft fylgir roðanum.

### Viðtal í sjónvarpi, atvinnuviðtal, fyrsta stefnumótið eða bara erfiður vinnudagur

Stundum skiptir máli að líta sem best út og þá geta rauð augu sett strik í reikninginn. Ertu á leið í viðtal í sjónvarpi eða á fyrsta stefnumótið? – Cleye augndropar frá Clear eyes hjálpa þér við að minnka roðann og ertinguna í augunum.






Cleye frá Clear eyes við vægum roða og ertingu í augum.



Eru augun rauð á mikilvægri stundu? Cleye frá Clear eyes getur hjálpað.

> **„Cleye frá Clear eyes inniheldur virka efnið naphazolin sem þrengir æðarnar í auganu og dregur þannig úr roða og þrota.**
>
> Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS

Mikilvægt er að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFIS
Traust í lyfjum









# Procto-eze – við gyllinæð – einnig á meðgöngu

## LYFIS kynnir Procto-eze Krem og Procto-eze Hreinsi við gyllinæð. Kremið er ætlað við ertingu og óþægindum vegna gyllinæðar og hreinsirinn hreinsar, róar og frískar.

Procto-eze kremið var sérstaklega þróað sem mjúkt og létt krem sem húðin dregur hratt í sig," segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Kremið veitir góða vörn með því að búa til vatns-fitufilmu yfir erta svæðið. Vörnin dregur úr kláða og sviða og meðferðarsvæðið verður mýkra og rakara, sem kemur í veg fyrir að húðin springi og valdi óþægindum.

„Vörurnar eru í íslenskum umbúðum og góðar leiðbeiningar á íslensku fylgja," segir Hákon.

### Lyf með sterum til lengri tíma eða á meðgöngu

Ekki er ráðlagt að nota krem og stíla sem innihalda stera til lengri tíma eða á meðgöngu þar sem sterarnir geta valdið húðþynningu og sárum, sérstaklega þegar þeir eru notaðir til lengri tíma. Það hentar því vel að nota Procto-eze, sem ekki inniheldur stera, eitt og sér, á milli meðferða með sterum eða í framhaldi af notkun á gyllinæðarlyfjum með sterum.

### Procto-eze Krem hefur eftirfarandi kosti:

- Má nota á meðgöngu
- Inniheldur ekki stera
- Stjaka fylgir með – auðvelt í notkun
- Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum
- Þoldist vel í 12 vikna klíniskri rannsókn

**Fyrir hámarksárangur er mælt með notkun á Procto-eze Hreinsi samhliða Procto-eze Kremi.**

Procto-eze Hreinsir er hreinsifroða sem ætluð er til að viðhalda hreinlæti og draga úr óþægindum tengdum gyllinæð. Froðan hreinsar, róar og frískar óþægindasvæðið. Hún hentar vel til að nota í sturtu og kemur í stað sápu sem oft ertir viðkvæmt svæðið.



# BLACK FRIDAY TILBOÐ

Fimmtudag, föstudag og laugardag!



# 20-50%

afsláttur af völdum vörum!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is













Á leið í veislu í París á tískuvikunni þar sem haust- og vetrartískan 2017-2018 var kynnt. Rauður samfestingur og rauð kápa.



Á götu í Los Angeles, heimaborg sinni.



Í veislu með rauðum dregli í Cannes. Kjóll Bellu vakti mikla athygli.

# Ofurfyrirsæta klæðist rauðu

**Ofurfyrirsætan Bella Hadid er ófeimin við að klæðast rauðum lit sem margar aðrar konur óttast. Bella er ein eftirsóttasta fyrirsæta í heimi og ávallt eftir henni er tekið.**

Bella heitir fullu nafni Isabella Khair Hadid og er alin upp í Los Angeles. Móðir hennar var þekkt fyrirsæta af hollenskum ættum, Yolanda Hadid, en faðir hennar Mohamed Hadid verktaki, á ættir að rekja til Palestínu þótt hann sé fæddur í Bandaríkjunum og alinn þar upp. Bella varð 21 árs 9. október. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún þrisvar verið valin Fyrirsæta ársins í heimalandinu. Eldri systir hennar, Gigi Hadid, er sömuleiðis ofurfyrirsæta.

Það er mikil upphefð að vera valin drottning Victoria's Secret en Bella kom fram á hátíð undirfatarisans í Shanghai á dögunum sem aðalnúmerið. Það var í annað skiptið sem Bella var skærasta stjarna sýningarinnar sem jafnan vekur mikla athygli í fjölmiðlum. Hún þótti mun öruggari á sýningunni núna en í fyrra.

Tímaritið Harper's Bazaar segir að Bella hafi á einu ári orðið ein af aðalfyrirsætum heimsins og skotist þar fram fyrir systur sína sem áður var á toppnum. Öll helstu og frægustu tískumerki heims sækjast eftir henni, allt frá Versace til Ralph Lauren. Hún kom fram fyrir Chanel á tískuviku í París fyrr á þessu ári, fyrir Miu Miu, Dior, Givenchy og Fendi. Þá hefur hún komið fram fyrir DKNY, Michael Kors, Max Mara og marga fleiri. Hún ferðast um allan heim til að koma fram á tískusýningum heimsþekktra tískuhönnuða. Að auki hafa forsíðumyndir birst af henni í öllum helstu tískutímaritum, Vogue, Glamour, Elle og Harper's Bazaar svo eitthvað sé nefnt.

Bella Hadid er eftirsóttasta fyrirsæta samtímans og fetar þar í fótspor allra frægustu módela á borð við Claudiu Schiffer, Cindy Crawford, Christie Brinkley, Tyru Banks, Elle Macpherson, Christy Turlington, Naomi Campbell og Kate Moss.



Bella Hadid vakti mikla athygli þegar hún mætti á kvikmyndahátíðina í Cannes í maí.



Glæsilegt hálsmen sem lítur út eins og snákur.


40-70% afsláttur
af völdum vörum!
Opið til miðnættis á morgun, 24.nóv á Glerártorgi!
BLACK FRIDAY
TILBOÐSDAGAR!
FRÁBÆR black friday tilboð dagana 23-26.nóv
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st.42-56
-40%
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 7.790 st.36-56
Úlpan er fáanleg í fleiri litum!
BOLUR ÁÐUR 3.990 NÚ 990 st.42-56
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st.42-56
-40%
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 7.790 st.36-56
Úlpan er fáanleg í fleiri litum!
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 990 st.S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st.S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 990 st.S-XXXL
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Tískuhús Zik Zak
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Ekkert voðalega flókinn

Fatastíll Illuga Steingrímssonar þróast helst í takt við vini hans og umhverfi. Undanfarið hefur hann helst haldið sig við jarðlitina.



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Körfuknattleiksleikmaðurinn efnilegi, Illugi Steingrímsson, ólst upp í Vesturbænum í Reykjavík og lék körfubolta með KR á sínum yngri árum. Fyrir nokkrum árum skipti hann yfir í nágrannana í Val og stundar nám í tölvunarstærðfræði í Háskólanum í Reykjavík samhliða körfuboltanum. „Aðalmarkmið okkar í Val í vetur er að halda okkur uppi í Domino's deildinni, allt annað er bónus. Síðan stefni ég persónulega bara á að halda áfram að verða betri leikmaður. Fyrir utan körfuboltann finnst mér gaman að sörfa, stunda mótókross og ferðast.“

*Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?* Fatastíllinn minn er ekkert voðalega flókinn. Yfirleitt klæðist ég bara þröngum gallabuxum, síðum bol og einhverjum flottum jakka við. Ég hef svolítið verið að halda mig við jarðlitina.

*Hvernig hefur tískuáhuginn þróast undanfarin ár?* Hann þróast bara helst í takt við vini mína og umhverfi mitt.

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Ég fylgist aðallega með tískunni á Instagram.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Ég kaupi fötin mín aðallega í útlöndum eða á netinu.

*Hvaða flík hefur þú átt lengst og notar enn þá?* Bláu Nike Air Force 1 skóna mína sem eru um leið uppáhaldsflíkin mín.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir heima og erlendis?* Ég kaupi aðallega föt í Zöru hérna heima. Það er eiginlega engin ein uppáhaldsbúð erlendis. Þær eru svo margar, ég flakka á milli.

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Eiginlega ekki. Það er helst hann pabbi minn en hann hefur skrautlegan stíl.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Bestu kaupin eru útskriftarfötin mín frá Saint Laurent. Verstu kaupin eru örugglega allar derhúfurnar mínar sem ég hef keypt og aldrei notað.

*Notar þú fylgihluti?* Ég er alltaf með eyrnalokka, hring og stundum hálsmen.



Hér klæðist Illugi Nike Air Force 1 skóm og Cheap Monday buxum og peysu. Jakkinn er frá Vivienne Westwood. MYNDIR/ANTON BRINK

> **Fatastíllinn minn er ekkert voðalega flókinn. Yfirleitt klæðist ég bara þröngum gallabuxum, síðum bol og einhverjum flottum jakka við. Ég hef svolítið verið að halda mig við jarðlitina.**
>
> Illugi Steingrímsson



Gucci hálsmen, gullkeðjan var keypt í Salou á Spáni og óskabeinið í Rosa Maria í London.



Illugi í Nike Air Force 1 skónum og Cheap Monday buxum og bol. Buxurnar og skórnir eru uppáhaldsflíkur hans þessa dagana.


# Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

## - NÁTTÚRULEGT COLLAGEN gel -

COLWAY



- Hægir á öldrun húðarinnar
- Vinnur gegn myndun fínna lína og hrukka
- Stuðlar að endurnýjun húðfruma
- Gerir húðina stinnari og fallegri
- Gefur húðinni meiri ljóma
- Eykur rakastig húðarinnar



Sölustaðir: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfja, Lyfsalinn Glæsibæ, Apótek Garðabæjar, Urðarapótek og www.collagenvorur.is.

# HEILL FRUMSKÓGUR AF JÓLAGJÖFUM

YNDISAUKANDI DEKURVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI




**Alltaf á móti prófunum á dýrum**

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI











Jólakjólarnir gerast vart fegurri en þessi.


Hjartadrottningin var innblástur fyrir hönnunina.

# Töfrandi tíska fyrir jólin

## Dolce & Gabbana var með töfrandi tískusýningu í Harrods í London fyrir stuttu þar sem jólahátíðin var innblásturinn.

Eins og alltaf vakti fögur hönnun Dolce & Gabbana mikla athygli þegar hún var sýnd í London en blóm og skrautleg mynstur í áberandi litum voru í aðalhlutverki. Ekki var laust við að fötin væru í hátíðlegri kantinum, enda var sýningin haldin í tilefni jólanna.

Domenico Dolce og Stefano Gabbana eru hönnuðirnir á bak við þetta heimsfræga, ítalska tískumerki. Þeir kynntust þegar þeir unnu fyrir sama tískuhús á Ítalíu á áttunda áratugnum og fundu strax að þeir áttu vel saman, ákváðu því að fara í samstarf og stofnuðu eigið fyrirtæki sem varð að Dolce & Gabbana.

### Höfðu ekki efni á fyrirsætum

Fyrstu kvenlínuna kynntu þeir árið 1985 á tískusýningu í Mílanó en á þessum tíma voru þeir félagar svo blankir að þeir höfðu ekki efni á að ráða fyrirsætur til að sýna fötin heldur fengu þeir vinkonur sínar til þess, sem auk hönnunar frá þeim klæddust sínum eigin fötum. Salan á línunni stóð ekki undir væntingum og fylltust Domenico og Stefano efasemdum um að þeir væru á réttri leið. Sérstakt efni, sem þeir höfðu látið framleiða fyrir næstu línu, var afpantað og þeir voru við það að leggja árar í bát. Þá ákvað fjölskylda Domenico að aðstoða þá fjárhagslega við að komast yfir versta hjallann og hafist var handa við að hanna næstu línu. Svo heppilega vildi til að í ljós kom að afpöntunin hafði ekki skilað sér á réttan stað svo efnið var tilbúið og það var auðvitað notað í næstu línu. Síðan þá hefur leiðin legið upp á við og merkið er löngu orðið heimsfrægt en hönnun Dolce & Gabbana þykir vera tímalaus en þó skrautleg og vekur ávallt athygli. Þeir segja að með sinni hönnun vilji þeir segja fólki sögur. Auk fatnaðar hanna þeir veski, sólgleraugu og úr og hafa unnið með stórum stjörnum eins og Maðonnu og árið 1992 kom fyrsta ilmvatnið frá þeim á markaðinn og vann til verðlauna sem kvenlegasti ilmurinn það árið.


Rósir og skrautlegt mynstur er einkennandi fyrir nýju Dolce & Gabbana línuna.


Smart buxnadragt með blómum.


Veski frá Dolce & Gabbana setur punktinn yfir i-ið.

### Föt á fótboltaliðið

Hátískufatnaður er ekki það eina sem Domenico og Stefano hanna. Þeir sjá um að leikmenn fótboltaliðsins AC Milan séu smartir í tauinu, innan vallar sem utan og hafa hannað bæði jakkaföt og búninga á liðið. Þeir hafa einnig hannað búninga á sjálft landslið Ítalíu. Einn besti fótboltamaður allra tíma, Lionel Messi, er með samning við þá og klæðist helst Dolce & Gabbana.

# EINRÓMA LOF

*Virkilega vel skrifuð saga og grípandi.
Einlæglega miskunnarlaus
en samt svo full af hlýju.
Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið
sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

*Bókin er svo góð … maður eiginlega
bara klappar fyrir höfundinum.*
**Kolbrún Bergþórsdóttir**
**Kiljan Rúv**

*Syndafallið er áleitin saga föður höfundar,
falleg og nærgöngul þannig að lesandinn
sogast inn í skrautlega en elskulega
fjölskyldusögu sem lætur engan ósnortinn.
Saga um að skilja og elska fjölbreytileikann.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Efni syndafallsins er mergjað
og mannlýsingarnar með.
Bók sem heldur lesandanum
við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

★★★★½
*Sagan sem Mikael
er að segja okkur
er mikilvæg og hana
ættu allir að lesa.*
**Hildigunnur Þráinsdóttir**
**Morgunblaðið**

*Saga um dauða full af lífskrafti,
ást og mögnuðum mannlýsingum.
Stundum er lífið mesti skáldskapurinn
og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Það sem er svo heillandi við frásögnina
er hvað hún er hreinskilin og heiðarleg.*
**Marta María Jónasdóttir**

★★★★★
*Mikael er einlægur, opinn og kemur
hreint fram í þessari fantagóðu bók!
Hann fékk mig til að gráta, hlægja,
reiðast og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**
**Kollster's review**

*Frásögnin smýgur gegnum merg og bein.
Hún er ógnandi og fögur í senn.*
**Vigdís Grímsdóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

*Þetta er stórkostleg bók.*
**Frosti Logason**
**Harmageddon**

*Með því besta og fallegasta
sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**




Sögur
ÚTGÁFA

# Fallegar flíkur eru listaverk

## Elsa María Blöndal fatahönnuður heldur ásamt stallsystrum sínum fatamarkað á Lofti hosteli á laugardaginn og lofar því að þar leynist ýmsar gersemar, jafnvel jólakjóllinn í ár.


**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is




Ég hef sankað að mér ótrúlega miklu af fötum gegnum tíðina," segir Elsa María aðspurð um tilurð markaðarins. „Ég er mikill safnari og veit ekki alltaf í hvað ég ætla að nota flíkurnar þegar ég kaupi þær, kaupi sjónrænt eins og það er kallað og ímynda mér að ég geti jafnvel hengt flíkurnar upp á vegg í einhverju listformi. Ég hef ótrúlega gaman af fötum og finnst gaman að vinna með þau, pæla í efnum, litum og samsetningum. Fötin mín passa svo ekkert endilega á mig en litirnir, mynstrin eða efnin eru bara svo falleg! Sem þýðir að ég á fullt af fötum sem ég hef kannski aldrei notað og eiga skilið að hitta einhvern sem vill eða getur notað þau." Elsa er ekki nýgræðingur þegar kemur að því að halda fatamarkaði. „Ég hélt fatamarkað í sumar með systur minni, Möggu Stínu, og það var svo gaman að mig er búið að langa til að halda markað aftur síðan þá. Með mér núna eru Heiðrún vinkona mín, sem er verslunarstjóri í Gyllta kettinum, Natasha eða Sasi, sem er pólskur eðaltöffari, Salka systurdóttir mín og vinkona hennar, Tatjana Dís."

Elsu Maríu finnst ekki auðvelt að lýsa því sem verður á boðstólum. „Þetta verða kannski ekki beint svona stjórnarformannsföt," segir hún hikandi. „ Eiginlega bara svona allt og alls konar. Sumt er ótrúlega litríkt, annað er svartar blúndur, kögur og leður. Allt frá fötum sem eru mjög þröng og upp í hippamussur. Við erum allar frekar ólíkar í stærðum og gerðum, bæði hávaxnar og lágvaxnar og örugglega hægt að finna eitthvað fyrir alla."



**Elsa María Blöndal stendur fyrir fatamarkaði á Lofti hosteli á laugardaginn ásamt vinkonum sínum.** MYND/STEFÁN



**Elsa lofar fjölbreyttum markaði, allt frá þröngum leðurfötum og upp í litrík hippaföt. Hér er dæmi um hið fyrrnefnda.**



**Á markaðinum mun kenna ýmissa grasa og hægt að grípa ýmsar gullgæsir.**

Hún segir það vera meðvitaða umhverfisstefnu hjá sér að vera í notuðum fötum. „Ég held að þetta hafi byrjað þegar ég var að læra fatahönnun. Ég vildi alltaf nýta gömul efni, svona eins og Aftur er að gera og hefur alltaf gert en ég hef alltaf dáðst svo mikið að því. Mér finnst svo svakalegt hvernig er verið að fara með jörðina okkar og það verður ríkara í mér eftir því sem ég verð eldri að eiga bara það sem ég þarf og nota. Í leiðinni er ég svo fylgjandi svokallaðri „slow fashion" og tengi ekki við síbreytilega strauma og stefnur í tískunni. Stundum finnst mér alveg flott það sem er í tísku en kann ekki við fjöldaframleiðsluna og einnota stemminguna í tískuheiminum."

Elsa stefnir á að losa sig við töluvert magn af fötum á laugardaginn. „Ég tók ákvörðun fyrir þennan fatamarkað að nú mætti bara allt fara. Svo verðið verður frá 500 krónum og hæst 3.000 kall. Það verða alls konar flott „vintage" föt og ég lofa því að það verður hægt að finna nokkra jólakjóla."

Hún viðurkennir að það gæti þó sitthvað bæst í sarpinn á móti.

> **Við erum allar frekar ólíkar í stærðum og gerðum, bæði hávaxnar og lágvaxnar og örugglega hægt að finna eitthvað fyrir alla.**
>
> Elsa María Blöndal

„Það gæti svo sem vel verið að þetta verði eins og hringekja þar sem við kaupum hver af annarri. Eins og ég sagði áðan þá á ég erfitt með að standast eitthvað sem mér finnst fallegt sjónrænt og ég veit að stöllur mínar eru með fullt af fínu."

Fatamarkaður Elsu og stallsystra hennar verður haldinn á Lofti hosteli á laugardaginn og stendur milli tólf og fimm. „ Ég hlakka rosa til, mér finnst gaman að halda svona partí og það er æðislegt gengi sem er með mér svo ég lofa bæði flottum fötum og góðu stuði."




FATAMARKAÐUR SPENNANDI
22. - 25. nóvember í Mörkinni 6
ELDRI VÖRUR Á ALLT AÐ 90% AFSLÆTTI!

VERÐDÆMI:
Kjólar kr. 5.000.- Gallabuxur kr. 4.000.- Bolir kr. 2.000.-
Pils kr. 4.000.- Peysur kr. 4.000.- Skór kr. 5.000.- Klossar kr. 3.500.-

mama b. è MADE IN ITALY · NYDJ · MC PLANET · 3322 Collection

Jólaskraut á 50-70% afslætti!

Mörkin 6 - 108 Rvk - sami inngangur og Sportís (neðri hæð)
Opið: 22.-24.nóv. 14-18 og laugard. 25.nóv 12-16.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is

**Múrum og smíðum ehf**

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**
Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

## Keypt & Selt

## Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMIÐJAN VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Vesturberg 94-0201**
**Opið hús í dag**

Falleg 4ra herbergja 105.5 fm 4 herb. íbúð á 2.hæð í mjög vel staðs. fjölbýli. Endurnýjað baðherbergi. Innrétting á baði fyrir þvottavél og þurkara. Flísar á alrýmum. Gott útsýni.
**V. 36,8 m.**

**Opið hús í dag frá kl. 17:15 – 17:45**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

LÁTTU EKKI **SÍMANN** PLATA ÞIG

365 er á sama farsímakerfi og Síminn en á mun lægra verði

11GB + ∞ SMS

2.590 KR.

Veldu GSM hjá 365 og fáðu 11 GB af neti í símann ásamt endalausum símtölum og sms á 2.590 kr.

Á mánuði

365.is | 1817 365

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**viftur.is**
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is



INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR
Nýr Crafter.
Sendibíll ársins 2017.
Alþjóðlegur sendibíll ársins 2017.
Nýr Volkswagen Crafter er hannaður með þarfir iðnaðarmanna að leiðarljósi. Fyrsti sendibíllinn með 8 þrepa sjálfskiptingu fyrir allar útgáfur. Hægt að fá hann með yfir fimmtán aðstoðarkerfum fyrir ökumann, til að mynda hliðarskynjara. Crafter er betri en nokkurn tímann áður en hægt að velja um fjölda útfærslna á hleðslurými, farþegarými og aðstoðarkerfi.
Sendibíll verð frá 5.970.000 kr. m/vsk
Pallbíll verð frá 5.610.000 kr. m/vsk
Við látum framtíðina rætast.
Atvinnubílar
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
23. NÓVEMBER 2017 FIMMTUDAGUR



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorgerður Erna Friðriksdóttir**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði, laugardaginn 11. nóvember síðastliðinn.

Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Friðrik Gunnarsson Hulda R. Magnúsdóttir**
**Þorsteinn Gunnarsson Fríða A. Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Guðrún Stefánsdóttir**

lést á Hrafnistu Reykjavík föstudaginn 10. nóvember Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við viljum þakka starfsfólki á Hrafnistu fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Steinunn Ingólfsdóttir**
**Vigfús Ingólfsson**
**Gísli Ingólfsson Linda Hannesdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð, hlýhug og fallegar kveðjur vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Þórdísar Mjallar Jónsdóttur**

Brúnavegi 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við Karitas hjúkrunarþjónustu fyrir kærleiksríka og einstaka umönnun í veikindum hennar.

**Brynjólfur Karlsson**
**Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir Þorgrímur Leifsson**
**Karl Björgvin Brynjólfsson Elísabet Dungal**
**og barnabörn.**



✝

Okkar elskaða

**Sigrún Sigurjónsdóttir**

Boðaþingi 24,

lést 20. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

**Jón Ragnar Kristfinnsson Margrét Lilja Einarsdóttir**
**Edda Þórey Kristfinnsdóttir Sigurjón Guðmundsson**
**Sverrir Kristfinnsson Heike Wiese**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Júlíus Sigurðsson**

pípulagningameistari og hljómlistarmaður,

lést 18. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 30. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Grensásdeild.

**Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
**Hildur Júlíusdóttir Þorleifur Rúnar Örnólfsson**
**Júlíus Þór Júlíusson Íris Guðrún Ragnarsdóttir**
**Davíð Júlíusson Kristín Inga Guðmundsdóttir**
**Guðrún Stephensen**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Aldarminning Fitzgerald

## Minning nokkurra af stærstu nöfnum djassins sem hefðu orðið hundrað ára í ár verður heiðruð í Borgarbókasafninu í Gerðubergi á hádegistónleikum á morgun.

Prógrammið er tengt 100 ára afmælum, segir Leifur Gunnarsson, sem stendur fyrir tónleikum í Borgarbókasafninu í Gerðubergi Menningarhúsi í hádeginu á morgun milli klukkan 12.15 og 13. „Númer eitt er söngdívan Ella Fitzgerald, við ákváðum fyrst að flytja lögin sem hún gerði vinsæl. Hún er ekki skrifuð fyrir neinni tónlist sjálf en nokkrir þeirra sem hún söng eftir voru jafnaldrar hennar og við völdum efni úr smiðjum Thelonius Monk, Dizzy Gillespie og Tad Dameron. Þeir voru líka þekktir hljóðfæraleikarar innan djassheimsins.“ Leifur ætlar að spila á kontrabassa á tónleikunum og Andrés Þór á gítar en sú sem túlkar Ellu er Sara Blandon sem var nýlega titluð bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í flokki djass og blús.

Leifur er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Jazz í hádeginu sem tónleikarnir falla undir. Hann kveðst hafa gaman af að segja frá því að yfirleitt séu tónleikar í þeirri röð utan póstnúmers 101. „Ég er í útrás og því stend ég fyrir úthverfadjassi. Á laugardaginn verðum við í Menningarhúsinu Spönginni í Grafarvogi milli klukkan 13.15 og 14 með sama prógramm og í Gerðubergi.“

Við höfum náð ansi fínum árangri með þessa seríu, það eru svona 200 manns sem fylgja okkur, við erum með yfir 200 á póstlista og það eru þeir sem skila sér aftur og aftur á tónleika. Ég byrjaði þetta fyrir fjórum árum í samstarfi við Gerðuberg, síðan urðu skipulagsbreytingar þannig að menningarstarfið þar heyrir undir Borgarbókasafnið. Þá fór ég að fara á fleiri staði. Mig dreymir um að komast á einn stað í viðbót með þetta efni en það er ekki frágengið. Nú er ég bara að láta mig dreyma upphátt.

**gun@frettabladid.is**



„Ég er í útrás og því stend ég fyrir úthverfadjassi,“ segir Leifur. MYND/ÚR EINKASAFNI



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Ólafsdóttir**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést 19. nóvember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

**Indriði Valdimarsson Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Ása María Valdimarsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og tengdasonur,

**Úlfar Þór Indriðason**

framkvæmdastjóri,

lést sunnudaginn 19. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 28. nóvember kl. 13.00.

**Þórdís Wium**
**Yrsa Úlfarsdóttir Pétur Pétursson**
**Hringur Úlfarsson**
**Baldvin Narfi Úlfarsson**
**Hrafnkell Úlfur Úlfarsson**
**Indriði Úlfsson Helga Þórólfsdóttir**
**Svanhvít Aðalsteinsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Þorbjörns Guðmundssonar**

blaðamanns, Kópavogstúni 5.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar og hjartadeildar Landspítala við Hringbraut fyrir framúrskarandi umönnun.

**Sigurrós Sigurðardóttir**
**Kristjana Rós Þorbjörnsdóttir Örn Jóhannsson**
**Guðmundur Þorbjörnsson Jóhanna Björk Briem**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hulda Sigurlásdóttir**

Goðheimum 9, Reykjavík, áður Vallarbraut 8, Hvolsvelli,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 31. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug.

**Margrét Einarsdóttir Helgi Kristófersson**
**Árni Einarsson**
**Aðalheiður Einarsdóttir Björgvin Sigurðsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ósk Jónsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 21. nóvember síðastliðinn.

**Kristinn Valtýsson Halla Hjartardóttir**
**Ósk Soffía Valtýsdóttir Rainer Eisenbraun**
**Ingi Valtýsson Berglaug Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

**Steina Margrét Finnsdóttir**

frá Vestmannaeyjum, Vogatungu 37, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 18. nóvember 2017. Aðstandendur þakka starfsfólki Sunnuhlíðar einstaka umhyggju. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 27. nóvember kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast Steinu er bent á að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð njóta þess.

**Haraldur Friðriksson Ásrún Davíðsdóttir**
**Finnur Þór Friðriksson Jóhanna S. Björnsdóttir**
**Dröfn H. Friðriksdóttir Magnús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Þú átt skilið skemmtilegra **sjónvarp**

**Gerðu vel við þig í vetur** og fáðu áskrift að öllu því helsta í innlendri og erlendri dagskrárgerð. Komdu þér vel fyrir og njóttu þess að horfa á allt það frábæra efni sem Skemmtipakkinn hefur upp á að bjóða. Með **skemmtipakkanum** færðu fjölbreytt afþreyingarefni fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2, Stöð 3, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Krakkar og Stöð 2 Maraþon Now.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðanstormur í dag með snjókomu eða éljum, en úrkomulaust að kalla sunnan og vestan til. Frost yfirleitt 0 til 5 stig.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. planta
6. hljóm
8. mál
9. rénun
11. rómversk tala
12. óskýr
14. hátíð
16. ætíð
17. kverk
18. hrópa
20. í röð
21. ferðast.

**LÓÐRÉTT**
1. einleikur
3. pot
4. söfnun
5. angan
7. talsmaður
10. ringulreið
13. þrá
15. sáðjörð
16. haf
19. strit.




**LÁRÉTT**: 2. mosi, 6. óm, 8. tal, 9. lát, 11. mm, 12. óljós, 14. páska, 16. sí, 17. kok, 18. æpa, 20. tu, 21. rata.
**LÓÐRÉTT**: 1. sóló, 3. ot, 4. samskot, 5. ilm, 7. málpípa, 10. tjá, 13. ósk, 15. akur, 16. sær, 19. at.

## Skák Gunnar Björnsson

Jón Kristinn Þorgeirsson (2276) átti leik gegn Sigurði Arnarsyni (2033) á Íslandsmóti skákfélaga.
**Hvítur á leik**
**15. Hxd7! Hxd7 16. Bxf6 Dxf6 17. Dxd7 Bxe4 18. Rxe4 Dxf3 19. Bg2 1-0.** Jón Kristinn er ellefu Íslendinga sem situr nú að tafla í Rúnavík í Færeyjum.

**www.skak.is.** Runavik Open.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

*FYLGIST MEÐ ALLA VIKUNA !!!*





**AEG**
**ÞVOTTAVÉL**
**89.900,-**
Verð áður 119.900,-
AEG 914 534 106
7 kg. og 1600 snúninga.

**AEG**
**UPPÞVOTTAVÉL**
**69.900,-**
Verð áður 99.900,-
AEG 911 544 014

**brabantia**
**ruslafötur**

Athugið að föturnar eru í öllum regnbogans litum.



**30%**



**200** stk

**Tefal**
**JAMIE OLIVER 30cm**
**6.990,-**
Verð áður 12.900,-



**50** stk

**AEG**
**Blandar beint í glasið**
**3.990,-**
Verð áður 7.990,-
300W mótor / Sogskálar gera blandarann stöðugan á borði / 2 glös fylgja

**Full búð af öðrum svörtum tilboðum: Þvottavélar, Þurrkarar, Uppþvottavélar, Kæliskápar, Frystiskápar, Bökunarofnar og Helluborð.**

**Pioneer**
**X-EM26 HLJÓMTÆKJASTÆÐA**
**14.900,-**
Verð áður 25.900,-
**25** stk



**Pioneer**
**X-CM-56 HLJÓMTÆKJASTÆÐA**
**23.900,-**
Verð áður 37.900,-
**30** stk



**Skullcandy** **Pioneer**
**HEYRNARTÓL m/snúru**
**40% afsláttur**





B&O PLAY
**20** stk
**BT HEYRNARÓL H4**
**31.900,-**
Verð áður 39.900,-



B&O PLAY
**30** stk
**BT HÁTALARI A2**
**31.900,-**
Verð áður 45.900,-



B&O PLAY
**20** stk
**HÁTALARI A9**
**223.900,-**
Verð áður 279.900,-

Netverslun ORMSSON.IS

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

FYLGIST MEÐ ALLA VIKUNA !!!

KR. 139.900,-



**SAMSUNG**
**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7547BHCSP
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél.
Verð áður: 199.900,-

55”
KR. 119.900,-




49”
KR. 109.900,-

**UE55MU6175U**
**Verð áður: kr. 149.900.-**
**UE49KU6175U Verð áður: kr. 129.900.-**
Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Beint • Upplausn skjás: 3840 x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1300 PQI (Picture Quality Index)

55”
KR. 219.900,-




**55” UltraHD Premium / UE55MU9005TX**
10 bit • Premium UHD sjónvarp • HDR 1000
Upplausn 3840*2160 • Motion rate 200 PQI 2700
**Verð áður 289.900. verð nú 219.900.-**

65”
KR. 359.900,-




**QLED 65“ / QE65Q7CAM**
Gerð QLED • UHD • 10 Bit • PQI 3200 • QHDR 1500
**Verð áður 459.900 og nú 359.900.-**

## FULL BÚÐ AF ÖÐRUM SVÖRTUM TILBOÐUM:

**KÆLISKÁPAR, UPPÞVOTTAVÉLAR, BÖKUNAROFNAR, ÞVOTTAVÉLAR, ÞURRKARAR, HELLUBORÐ, FRYSTISKÁPAR OG SJÓNVÖRP.**

**SAMSUNG**
**SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

# Grípum tækifærin þegar þau gefast

**Sinfóníuhljómsveit Norðurlands tekur að sér enn eitt stórverkefnið á næstu dögum er hún leikur með ballettinum í St. Pétursborg í sýningunni Þyrnirós. Sveitin lék fyrir fullu húsi sextán sinnum í röð á árinu.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Nú er að verða árviss viðburður á Akureyri að her atvinnudansara komi frá Evrópu til að setja upp stórsýningu í Hofi með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Í fyrra var það Hnotubrjóturinn eftir Tsjajkovskí sem sýndur var og að þessu sinni Þyrnirós eftir sama höfund.“ Þetta segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri sveitarinnar, kátur um ballettsýninguna sem verður flutt í Hofi næsta sunnudag og mánudag.

„Það eru kannski ekki sömu dansarar og komu í fyrra en sami flokkur, St. Petersburg Festival Ballet. Svona nokkuð er hægt af því að það er gríðarlega mikill áhugi á sinfónískri tónlist og líka ballett hér fyrir norðan,“ útskýrir hann.



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands tekur að sér hvert stórverkefnið eftir annað. MYND AUÐUNN NÍELSSON

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er skipuð hljóðfæraleikurum víða að en kjarninn er fyrir norðan, að sögn Þorvaldar. „Hvert verkefni hjá sveitinni er sérstakt og í þau er ráðið sérstaklega. Við grípum tækifærin þegar þau gefast og getum búið til verkefni þegar okkur sýnist af því að rekstrarformið er svona. Þess vegna hefur fólk verið að sjá okkur í Lord of the Rings og War of the Worlds og nú erum við að æfa Phantom of the Opera sem sýnt verður í febrúar. Við höfum líka verið að spila inn á kvikmyndir, í samvinnu við Atla Örvarsson tónskáld, það er orðinn hluti af starfsemi hljómsveitarinnar. Þannig hefur það verið síðan ég byrjaði 2015 og nú höfum við spilað inn á tíu myndir, þar af fjórar Hollywoodmyndir.“

Auk þess að vera framkvæmdastjóri bregður Þorvaldur Bjarni stundum tónsprotanum á loft framan við sveitina. En núna kemur stjórnandinn frá Rússlandi. „Það er hluti af því sem gerir þetta svo spennandi að eftir að Menningarfélagið byrjaði að reka hljómsveitina höfum við verið að fá topp stjórnendur, Daníel Bjarnason, Petri Sakari og núna er það Vadim Nikitin.“



Þorvaldur Bjarni segir Norðlendinga meira en í meðallagi músíkalska.

**Í FYRRA VAR ÞAÐ HNOTUBRJÓTURINN EFTIR TSJAJKOVSKÍ SEM SÝNDUR VAR OG AÐ ÞESSU SINNI ÞYRNIRÓS EFTIR SAMA HÖFUND.**

En hvernig ganga æfingar fyrir sig fyrst mannskapurinn býr bæði norðan og sunnan heiða? „Við erum með ágætt form á þeim. Æfum fyrir sunnan með þeim sem eru þar, svo kemur stjórnandinn norður og æfir hér og daginn fyrir tónleika er lokahnykkurinn tekinn með öllum þátttakendum. Hér er fólk orðið vant að vinna hratt.“

Fullbókað er á sýningarnar á Þyrnirós. „Ég er búinn að vera í viðburðabransanum lengi og get fullyrt að aðsóknin á tónleika hér er alveg með eindæmum, sérstaklega sinfóníska tónleika. Það var uppselt á alla tónleika Sinfóníu Norðurlands í fyrra og fullt var á sextán tónleikum í röð á þessu ári. Maður þarf bara að klípa sig. Hljómsveitin er náttúrlega að taka þátt í stórum sýningum eins og Lord of the Rings, þá voru þrennir tónleikar og bara í september á þessu ári tók sveitin þátt í átta viðburðum, sem er magnað og frábært fyrir hljóðfæraleikarana,“ segir Þorvaldur Bjarni. „Hof hefur haft gríðarlega góð áhrif á allt menningarlíf hér.“




## Sitjandi uppistand í Veröld

Japan er land sterkra hefða og þá ekki síst þegar kemur að menningu og listum en í kvöld gefst einstakt tækifæri til þess að kynnast fornri leikhefð sem kallast Rakugo. Gunnella Þorgeirsdóttir er lektor og greinarformaður í japönsku við Háskóla Íslands og hún segir að Rakugo sé gamansamur einleikur að fornri leikhefð. „Við erum afskaplega heppin að fá þennan meistara til landsins því upphaflega þá áttum við að fá venjulegan leikara en þar sem hann hafði aldrei áður komið hingað Rakugo-leikari þá ákváðu þeir að hafa þetta meistara. Að verða meistari í þessari grein tekur reyndar fjölda ára og er aðeins á fárra færi.

Rakugo er gamanleikjaform þar sem einn einstaklingur situr allan tímann og það eina sem hann hefur með sér er blævængur og smáhandklæði. Alltaf þetta sama og aldrei neitt annað en síðan leikur hann allar persónur og notar leikmunina til þess að túlka allt mögulegt, mat, flugvélar og hreinlega hvað sem er. Þetta er mörg hundruð ára gömul hefð og fyrstu dæmin um þetta komu þegar búddismi var að breiðast út í Japan en þá var þetta notað til þess að koma trúarsögunum til almennings með dæmi- og skemmtisögum. Það er sterk hefð fyrir því að Rakugo höfði ávallt til áhorfenda með glettilegri innsýn í mannlegt líf.“

Meistarinn sem um ræðir heitir Yanagiya Kyōtarō og er á meðal þeirra fremstu í röð slíkra leikara. Verkið er flutt á japönsku en Gunnella segir að áhorfendur þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að skilja ekki leikinn. „Það verður varpað upp texta, að því ég held á bæði ensku og íslensku, en auk þess þá er þetta mikið látbragð þannig að það þarf ekki alltaf að skilja tungumálið til þess að skilja grínið. Þetta er mikið látbragð og dálítið eins og „stand-up“ nema bara „sitting-down“.



**Rakugo-meistarinn Yanagiya Kyōtarō verður í Veröld – húsi Vigdísar í kvöld.**

Sýningin fer fram í Veröld – húsi Vigdísar, hefst klukkan sex annað kvöld og er aðgangur ókeypis. Gunnella hvetur fólk til þess að mæta tímanlega til þess að tryggja sér sæti. **– mg**



# Alveg hreint frábærar fréttir

## Í dag tökum við í notkun nýja hreinsistöð á Kjalarnesi

Með nýju hreinsistöðinni leggjum við okkar af mörkum
í umhverfismálum með bættri fráveitu.

**Í tilefni af opnuninni bjóðum við Kjalnesingum og öðrum áhugasömum til kaffisamsætis í félagsheimilinu Fólkvangi í dag, fimmtudaginn 23. nóvember kl. 16–18.**

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna, ávarpa samkomuna og síðan verður gestum boðið að skoða stöðina.

**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR

# Las þetta eins og skáldsögu og hafði gaman af

**Höfundakvöld Sögufélagsins er haldið í Gunnarshúsi í kvöld en ár hvert sendir þetta 115 ára gamla félag frá sér forvitnilegar og spennandi bækur um sagnfræði og skyld málefni sem eru öllum aðgengilegar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sögufélagið er með elstu og merkustu félögum landsins en á meðal þess sem þar er fengist við er umfangsmikil útgáfa. Rúna K. Tetzschner er starfsmaður félagsins sem var stofnað árið 1902 en í kvöld heldur hún utan um höfundakvöld félagsins í Gunnarshúsi. „Sögufélagið hefur það að markmiði að gefa út vönduð sagnfræðileg rit og heimildarit og hefur staðið fyrir alls konar stórvirkjum í þeim efnum í gegnum tíðina frá því að það var stofnað fyrir hundrað og fimmtán árum. Má til að mynda nefna að það var Sögufélagið sem gaf út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í þrettán bindum sem er nú ekkert smá verkefni fyrir svona félag sem er að miklu leyti rekið með sjálfboðaliðastarfi því stjórnarmeðlimir eru alltaf að gefa vinnuna sína.“

En eru þetta mest fræðimenn sem eru að bera starf félagsins uppi? „Já, þetta eru mest sagnfræðingar en einnig aðrir sem eru í menningar- og minjarannsóknum. Við höfum þó alltaf fundið fyrir miklum áhuga frá almenningi á starfsemi félagsins. Félagsmenn Sögufélagsins eru því ekkert síður áhugamenn um sagnfræði auk fræðimanna, þannig að félagið samanstendur af alls konar fólki víða að af landinu. Þessi breiði grunnur er mikill styrkur fyrir félagið og við erum t.d. nýbúin að senda út tímaritið Sögu sem kemur út tvisvar á ári og hefur komið út síðan 1950. Það eru um sjö hundruð félagsmenn sem eru skráðir og þeir eru á ýmsum aldri og úr ýmsum geirum. Þarna er líka ungt fólk, það eru mikið til nemendur, en við viljum líka gjarnan fá fleiri unga félagsmenn og erum að vinna í að veiða þau inn.“



Rúna K. Tetzschner frá Sögufélaginu segir Höfundakvöldið tilvalið til að kynnast starfseminni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rúna segir að Höfundakvöld félagsins sem verður haldið í kvöld sé einmitt tilvalinn vettvangur fyrir alla til þess að koma og kynna sér hvað þetta snýst allt saman um. „Þarna verðum við með bæði nýju bækurnar okkar, tímaritin og þær bækur sem eru fáanlegar enn þá. Höfundar nýju bókanna verða á staðnum og það fer fram umræða þar sem þau eru spurð spjörunum úr um sín verk.

Við erum með þrjár bækur núna fyrir jólin og fyrst skal nefna bók eftir Steinunni Kristjánsdóttur sem kallast Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir. Svo er það bókin Svo veistu að þú varst ekki hér: Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi, en þar er á ferðinni greinasafn með sex höfundum í ritstjórn þeirra Írisar Ellenberger og Ástu Kristínar Benediktsdóttur. Síðan er það bók Vilhelms Vilhelmssonar um bók hans Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld. Allt eru þetta ólíkar bækur sem fjalla um mjög ólíka tíma í sögunni og við viljum gjarnan hafa svona breiða skírskotun og leitast við að spanna Íslandssöguna hverju sinni af fremsta mætti.“

Rúna bendir á að félagið leitist ætíð við að hafa rit sín aðgengileg fyrir alla áhugsama um efnið hverju sinni. „Ég til að mynda gaf móður minni, sem er venjulegur leikskólakennari, eina af bókunum okkar frá fyrri árum og hún las hana eins og þetta væri skáldsaga og hafði mjög gaman af. Þessi rit eru skrifuð á mannamáli og eru alla jafna bráðskemmtileg aflestrar og fyrir þá sem vilja kynna sér þetta nánar þá er tilvalið að koma í Gunnarshús í kvöld klukkan átta. Það verður skemmtileg dagskrá og líka að sjálfsögðu hlé með léttum veitingum og glimrandi stemningu.“



**MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON**

# „LESIÐ ÞESSA BÓK UM JÓLIN!“

**KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI**



★★★★

**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV**




*„Mistur er ekki aðeins góð glæpasaga heldur er skyggnst inn í hugarheim helstu persóna og þá baráttu sem þær standa í.“*
Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

*„Frábærlega vel uppbyggð bók. … Við unnendur spennusagna segi ég: Lesið þessa bók um jólin. … **Þrælspennandi**. Þarna er spenna svo manni **er stundum ekki rótt**. … Ég fullyrði að þetta er langbesta bók Ragnars. Mikil spenna út í gegn.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

*„Spennandi og vel fléttuð saga, tvímælalaust **besta bók höfundar**.“*
Brynhildur Björnsdóttir, Fréttablaðið

**3.**
Metsölulisti Eymundsson

**3. sæti**
Bóksölulistinn
Allar bækur

**VERÖLD**



markhönnun ehf
nettó
KJÖTSEL
Happy Thanksgiving
HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
-21%
1.894 KR KG
ÁÐUR: 2.398 KR/KG
KJÖTBORÐ
KALKÚNAFYLLING
500 GR.
998 KR STK
KALKÚNN 1/1
4,6-7,2 KG
998 KR KG
LAMBAHRYGGUR
FYLLTUR. FERSKT.
2.935 KR KG
ÁÐUR: 3.669 KR/KG
-20%
LAMBALÆRI
LANGT. SAGAÐ.
1.199 KR KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG
-25%
Opal Seafood
LAUFA BRAUÐ
Gott í matinn
LAMBABÓGSSTEIK
Í SVEPPAMARINERINGU
-30%
2.449 KR KG
ÁÐUR: 3.498 KR/KG
REYKTUR LAX 1/2 FLAK JÓLA
GRAFLAX 1/2 FLAK
2.669 KR KG
ÁÐUR: 4.449 KR/KG
-40%
OKKAR LAUFABRAUÐ
8 STK
1.025 KR PK
ÁÐUR: 1.367 KR/PK
-25%
STEIKARFAT
MAKU. M/ ÁHÖLDUM
2.498 KR STK
KJÖTBANKINN
Gúllassúpa
-35%
KJÖTHITAMÆLIR
MAKU. DIGITAL.
1.798 KR STK
Maku
KJÖTBANKINN
ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1L
KJÖTBANKINN.
1.167 KR STK
ÁÐUR: 1.598 KR/STK
-27%
GÚLLASSÚPA 1L
UNGVERSK.
1.386 KR STK
ÁÐUR: 1.898 KR/STK
-27%
KARTÖFLUR
2 KG. NETTÓ.
259 KR PK
ÁÐUR: 399 KR/PK
ÓDÝRT Í nettó
Tilboðin gilda 23. - 26. nóvember 2017
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-20%



**KENGÚRU FILLE**
3.198 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

-30%



**ANDALEGGUR**
LÆRI
1.399 KR KG
ÁÐUR: 1.998 KR/KG

KJÖTBORÐ

-40%



**KJÚKLINGUR 1/2**
MARINERAÐUR 450 GR.
299 KR STK
ÁÐUR: 498 KR/STK

VERÐ SPRENGJA!

Hollt & gott

-50%



**KLEMENTÍNUR**
179 KR KG
ÁÐUR: 358 KR/KG



-30%

**VÍNARBRAUÐSLENGJA**
HEIL
412 KR STK
ÁÐUR: 589 KR/STK




-40%

**BLÁRBER 250 GR./MANGO 300 GR**
**ANANAS 350 GR/**NICE'N EASY
179 KR PK
ÁÐUR: 299 KR/PK




-28%

**JARÐABER 350 GR.**
**FROSIN /** NICE'N EASY
179 KR PK
ÁÐUR: 249 KR/PK

-43%




**PIZZA TRADIZIONALE**
390 GR.
398 KR STK
ÁÐUR: 699 KR/STK




-30%

**LB SÚKKULAÐITERTA**
STÓR. 900 GR.
1.329 KR STK
ÁÐUR: 1.898 KR/STK




-25%

**PLAYMO**
EINKAÞOTA
3.749 KR PK
ÁÐUR: 4.998 KR/PK




-25%

**PLAYMO**
SKÓLASTOFA
2.249 KR PK
ÁÐUR: 2.998 KR/PK




**JÓLADAGATAL**
DESPICABLE ME 3
298 KR STK




**JÓLADAGATAL BLEIKT**
DESPICABLE ME 3
298 KR STK

-25%




**KINDER EGG**
3 STK
299 KR PK
ÁÐUR: 398 KR/PK

# BÍÓ



Bráðskemmtilegur hópur sem hefði mátt fá meiri tíma til að þróast.

# Lifandi hasarblað af færibandi

**KVIKMYNDIR**

**Justice League**

★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Zack Snyder
**Framleiðendur:** Geoff Johns, Deborah Snyder, Charles Roven
**Handrit:** Chis Terrio, Joss Whedon
**Tónlist:** Danny Elfman
**Aðalhlutverk:** Ben Affleck, Gal Gadot, Ezra Miller, Jason Momoa

Leiðin að Justice League hefur verið erfið. Nýi DC-heimurinn fór ekki sérlega vel af stað eftir að áhorfendur tóku vægast sagt misvel í Man of Steel, Batman v Superman og Suicide Squad. Þessar tvær seinni voru sérstaklega slakar og leit út fyrir að kraftaverk þyrfti til þess að bjarga þessari seríu af hauguninum. Útlitið varð aðeins bjartara þegar Wonder Woman sló í gegn og féll í kramið hjá flestum aðdáendum.

Framleiðendur Justice League áttu þó varla séns frá upphafi. Það sást að þeir reyndu að læra af mistökum sínum (og gólandi kvörtunum aðdáenda) en skipulagið var ekki alveg til staðar. Ljóst var að besta lausnin fyrir þá væri sú að herma meira eftir fjölskylduvænni Marvel-myndunum og leggja meiri áherslu á húmor.

Frá byrjun var framleiðslan sögð vera í tómu tjóni, en að tökum loknum þurfti Zack Snyder að stíga til hliðar eftir fjölskylduharmleik. Þá var Joss Whedon ráðinn til að sjá um eftirvinnslu og aukatökur, og í kjölfarið stokkaðist verulega upp í framvindunni. Því má kalla það ákveðið afrek út af fyrir sig að lokaútkoman skuli ekki vera verri en hún er.

